


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Tíska og lífsstíll




Kynngimögnuð
★★★★
PBB / FT
★★★★
FB / FBL
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
16. nóvember 2010
269. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Vinir Indlands í tíu ár

*Markmiðið er að mennta fátæk börn og munaðarlaus.*

tímamót 18



## Jólabókafjölskyldan

*Tengjast á marga vegu.*

fólk 30



## Gulldrottningar

*Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir fóru mikinn um helgina.*

sport 26

### veðrið í dag




**HLÝNANDI** Í dag verða víðast austan 5-13 m/s. Rigning eða slydda S- og A-til en annars úrkomulítið. Hiti 0-7 stig, en vægt frost N-lands.

VEÐUR 4

# Stjórnarandstaðan kannast ekki við nýja Icesave-lausn

**Í drögum að nýju samkomulagi um Icesave er gert ráð fyrir að 40 til 60 milljarðar króna falli á íslenska ríkið og að vextir verði um þrjú prósent. Eigur Landsbankans eru taldar duga fyrir höfuðstól skuldarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Drög að nýju samkomulagi um Icesave liggja fyrir.

Í því er meðal annars horft til þess að eigur gamla Landsbankans dugi fyrir höfuðstól skuldar Íslendinga við Breta og Hollendinga.

Þjóðirnar eiga fulltrúa í óformlegu kröfuhafaráði og fylgjast grannt með þróun búsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa horfur á góðum heimtum liðkað fyrir viðræðum.

Fram kom á Stöð 2 í gærkvöldi að 40 til 60 milljarðar króna muni falla á íslenska ríkið, samist hafi um níu mánaða vaxtahlé og að vextir verði um þrjú prósent. Í eldri samningi voru vextirnir 5,5 prósent.

Í frétt Stöðvar 2 var einnig sagt að fjármálaráðuneytið hefði kynnt stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins samkomulagið.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, kannast ekki við það. „Ég hef heyrt þessar sögur en það hefur ekki verið fundað í hópi formanna flokkanna í nokkra mánuði og ég hef ekki hitt Lárus Blöndal [fulltrúa stjórnarandstöðu í samninganefnd Íslands] í nokkrar vikur.“

> Það var núna fyrir stuttu sem drög að nýju samkomulagi voru borin undir okkur.
>
> **VILMUNDUR JÓSEFSSON**
> FORMAÐUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

„Þetta hefur ekki verið kynnt stjórnarandstöðunni,“ segir Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar. Ekki náðist í Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins.

„Seinustu upplýsingar sem við höfum eru frá fundi með samninganefndinni fyrir einum og hálfum til tveimur mánuðum, og þá voru þeir hvergi nærri því að vera með samkomulag sem við getum sætt okkur við.“

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, þekkir hins vegar málið. „Það var núna fyrir stuttu sem drög að nýju samkomulagi voru borin undir okkur, en um leið tekið fram að það væri ekkert endanlegt. Ef þetta er raunin þá erum við óneitanlega í miklu betri stöðu en áður. Okkur sýnist að þetta sé í mjög góðum farvegi.“

**- bþs, gb**



**SIGURLIÐ SELJASKÓLA FAGNAR** Mikil fagnaðarlæti brutust út í troðfullum sal Borgarleikhússins þegar Jón Gnarr borgarstjóri tilkynnti að Seljaskóli hefði unnið Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanema í Reykjavík í ár. Í öðru sæti varð Breiðholtsskóli en í því þriðja Laugalækjarskóli, sem var í fyrsta sæti í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tycho Brahe grafinn upp:

## Banamein til rannsóknar

**TÉKKLAND, AP** **Jarðneskar leifar danska stjörnufræðingsins Tycho Brahe voru grafnar upp í gær, svo ganga megi úr skugga um hvort hann hafi verið myrtur.**



TYCHO BRAHE

**Tycho Brahe lést í Prag árið 1601, aðeins 54 ára að aldri. Jarðneskar leifar hans hafa einu sinni áður verið grafnar upp. Það var árið 1901.**

**Sýnishorn af hári hans, sem þá voru tekin, voru rannsökuð árið 1996 og fannst í þeim óvenju mikið af kvikasilfri, sem vakti grun um að eitrað hafi verið fyrir honum.**

**Lengi var talið að hann hafi látist af völdum sýkingar í þvagblöðru eða vegna nýrnasjúkdóms.**

**- gb**

Fjárlaganefnd hefur falið Byggðastofnun að gera útttekt á áhrifum hrunsins:

## Samfélagsáhrif niðurskurðar metin

**STJÓRNMÁL** Fjárlaganefnd Alþingis hefur falið Byggðastofnun að meta samfélagslegar afleiðingar niðurskurðar opinberrar þjónustu í kjölfar efnahagshrunsins.
Skoða á hvaða áhrif fjárlög áranna 2009 til 2011 hafa haft. Í þeim birtist efnahagsstefna stjórnvalda.

Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar, segir þetta til marks um ný og vönduð vinnubrögð. „Það þarf að meta þessi samfélagslegu áhrif og niðurstöðurnar verða hafðar til hliðsjónar við gerð fjárlagafrumvarpsins 2012.“

Oddný segir þetta ekki til marks um að fjárlaganefnd telji að niðurskurðurinn hafi til þessa verið handahófskenndur og framkvæmdur án þess að áhrif hans hafi legið ljós fyrir. „Það er ekki hægt að meta þetta fyrr en komin er reynsla.“

Alþjóðlega viðurkenndar mælistikur við kostnaðar- og nytjagreiningu verða notaðar. Liggja kostnaður, tekjur, mannauður, atvinna, menntun, samgöngur og fleira til grundvallar. Jafnframt er tekið tillit til byggða- og kynjasjónarmiða svo og stofnanaþróunar.

Byggðastofnun hefur áður tekið að sér að skoða áhrif væntanlegs niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu á einstök landsvæði.

**- bþs**

ms.is
Ostakörfur frá MS



ÍSLENSK GJÖF FYRIR SÆLKERA
Kynnið ykkur úrvalið af sælkerakörfum á ms.is

ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992
Pizza toppur
500g
www.ostahusid.is
Rífandi góður á:
pizzuna
ofnréttinn
pastaréttinn
MEIRA MAGN • BETRA VERÐ





VÖRULISTI
Eirbergs fylgir Fréttblaðinu í DAG
Heilsa · Slökun · Vellíðan

## SPURNING DAGSINS



*Friðfinnur, er Vegagerðin á villigötum*

„Ég myndi vilja koma henni til betri vegar."

Friðfinnur K. Daníelsson, forstjóri Alvarrs ehf., gagnrýnir Vegagerðina fyrir að taka tilboði fyrirtækisins Geotækni hf. í borun rannsóknarhola á Vaðlaheiði. Friðfinnur segir Geotækni í raun lepp fyrir Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

Smábarnafjölskyldu en ekki táningi meinað að búa í blokk fyrir 50 ára og eldri:

# Óttast að blokkin fyllist af barnafólki

**FÓLK** „Það sem um ræðir er að maður keypti hér íbúð og þar býr sonur hans og tengdadóttir á fertugsaldri ásamt þremur litlum börnum, öllum innan þriggja ára," segir hússtjórn Skipalóns 16 til 20 í Hafnarfirði í bréfi til Fréttablaðsins.

Með bréfinu leiðréttir hússtjórnin þá missögn blaðsins að það sé sautján ára piltur, leigjandi íbúðar föður síns í húsinu, sem húsfélagið vilji að flytji út vegna þess að kvöð sé á öllum íbúðunum um að eigendur og leigjendur séu orðnir að minnsta kosti fimmtíu ára. Hússtjórnin segir að aldrei nokkurn tíma hafi staðið til að amast við því að fólk yfir fimmtíu ára í blokkinni hefði með sér börn sín – á hvaða aldri sem þau eru.

„Okkur, sem keyptum hér íbúðir, sem eru með þeirri þinglýstu kvöð að þær séu sérstaklega ætlaðar fimmtíu ára og eldri, þótti þetta ekki vera í samræmi við okkar væntingar, enda íbúðirnar mun dýrari en aðrar sambærilegar á þeim tíma einmitt vegna þessarar kvaðar. Og til þess að þetta myndi ekki hafa fordæmisgildi og smám saman yrði hér fullt af ungu fólki með börn, þá var leitað álits Kærunefndar húsamála," segir hússtjórnin um málið um smábarnafjölskylduna fyrrnefndu. - gar



**SKIPALÓN 16-20** Foreldrar með tveggja ára tvíburasystur og fjögurra ára dreng eru á leið úr þessu húsi sem ætlað er fimmtíu ára og eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rýnifundir hafnir í Brussel:

# Aðildarviðræður undirbúnar

**EVRÓPUMÁL** Svokölluð rýnivinna Íslands og Evrópusambandsins hófst í gær, en hún felst í því að löggjöf Íslands og Evrópusambandsins er borin saman og rækilega farið yfir það hvað ber á milli.

Á fundinum í gær kynntu sérfræðingar Evrópusambandsins löggjöf fimmta kaflans, sem snýst um opinber innkaup, fyrir Íslendingum. Þessi kafli er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur Ísland þegar tekið upp löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði. - gb

Dráttur á sölu Sjóvár:

# Engin skýring að svo stöddu

**FJÁRMÁL** „Dráttur á sölu Sjóvár á sér eðlilegar skýringar sem Seðlabankinn getur ekki tjáð sig um opinberlega að svo stöddu," segir í yfirlýsingu Seðlabanka Íslands.



MÁR GUÐMUNDSSON

Bankinn segir upplýsingar í fréttum Stöðvar 2 á föstudag um sölu á Sjóvá ekki réttar. „Sagt er að inn í söluferli Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. og annarra eigenda Sjóvár hf. fléttist persónulegar deilur seðlabankastjóra og eins af forsvarsmönnum hugsanlegra kaupenda.

Seðlabankastjóri kannast ekki við þessar deilur og myndi auk þess aldrei láta ágreining um peningastefnu hafa áhrif á embættisfærslu sína. Fullyrðingar um slíkt fela í sér ærumeiðandi ummæli," segir í yfirlýsingunni. - gar

# Stærsta félagið segir skilið við Kauphöllina

**Þróunin hefur verið óhagfelld fyrir alþjóðafélög, segir forstjóri Össurar. Beiðni um afskráningu félagsins var send Kauphöll í gær. Hlutafé verður skráð í Danmörku og í dönskum krónum. Íslendingar sem selja bréf sín verða skilaskyldir.**

**VIÐSKIPTI** Stoðtækja- og gervilimaframleiðandinn Össur hefur farið fram á afskráningu úr Kauphöllinni. Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, býst við að afskráningin gangi í gegn á næstu vikum. Við hana missir Kauphöllin sitt langstærsta félag. Össur hyggst leggja áherslu á skráningu í Nasdaq OMX kauphöllina í Kaupmannahöfn. Félagið er nú skráð í báðar kauphallirnar.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar (NASDAQ OMX á Íslandi), segir beiðni Össurar vond tíðindi fyrir íslenskan hlutabréfamarkað og efnahagslíf. Beiðnin sýni vel hversu skaðleg áhrif gjaldeyrishöft hafa á efnahagslífið og þeim mun meiri eftir því sem höftin séu lengur til staðar. „Við munum fara vandlega yfir málið hjá okkur samkvæmt okkar verklagsreglum, sem eru fastmótaðar þegar kemur að óskum um afskráningu. Í því ferli er litið sérstaklega til hagsmuna smærri fjárfesta," segir Þórður.

Forstjóri Össurar áréttar að fyrirhuguð breyting nái bara til skráningar hlutabréfanna, starfsemin hér hafi verið að aukast og ekki sé von á breytingum þar á. „Það er alveg ljóst að með krónuna og gjaldeyrishöftin er mjög erfitt að reka alþjóðafyrirtæki á Íslandi," segir Jón, en lætur ósagt hvort aðrar aðstæður hefðu einhverju breytt um beiðni félagsins nú. „En laga- og reglusetning hefur verið óhagfelld fyrir alþjóðafélög á Íslandi, það er ekki nokkur spurning."

Össur hefur verið skráð í íslensku kauphöllina frá árinu 1999 og er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins. Fyrir helgi nam virði félagsins 37 prósentum af heildarvirði félaga Kauphallarinnar.

Afskráningu nú segir Jón vera rökrétt skref fyrir félagið og ákvörðunin sé tekin með þrönga hagsmuni félagsins í huga. „Meirihluti hluthafa er erlendur og 99 prósent af tekjum félagsins eru í útlöndum," segir hann og bendir á að félagið hafi fengið mjög góðar viðtökur á danska markaðnum á því rúma ári sem félagið hefur verið skráð þar. „Við metum það sem svo að viðskiptamagnið sé ekki til skiptanna fyrir þessa tvo markaði."

Jón segir ekkert launungarmál að erlendir hluthafar félagsins hafi verið meira áfram um breytinguna en þeir íslensku. Breytingin fyrir íslenska hlutahafa sé hins vegar engin. „Bréfin verða skráð í dönskum krónum í stað íslenskra. Og Íslendingar sem selja bréf sín hafa þá skilaskyldu gagnvart gjaldeyrislögunum," bætir hann við, en kveður það þó litlu breyta, því fyrir breytingu fái þeir bara krónur fyrir hlut sinn hvort eð er.

olikr@frettabladid.is

**Markaðsvirði fyrirtækja í Kauphöll Íslands***




*föstudaginn 12. nóvember 2010



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

JÓN SIGURÐSSON



**ELDUR Í KÍNA** Slökkvistarfið tók fjórar klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldur í skýjakljúf í Kína:

# Margir flúðu út á vinnupallana

**KÍNA, AP Tugir slökkviliðsbíla voru notaðir til að slökkva eld í 28 hæða fjölbýlishúsi í Sjanghaí í Kína. Síðdegis í gær var ljóst að í það minnsta 42 fórust og tugir manna slösuðust í eldsvoðanum. Byggingaverkamenn hafa undanfarið unnið að endurbótum á húsinu og notaði fjöldi fólks sér vinnupalla til að flýja undan eldinum. Reynt var að nota þyrlur til að bjarga fólki úr húsinu, en reykjarmökkurinn torveldaði það starf svo þyrlurnar urðu fljótlega frá að hverfa.**

**Slökkvistarfinu lauk að mestu á fjórum klukkustundum.** - gb

Vandamál vegna eldgosa:

# Hvernig á að fyrirbyggja frekara tjón?

**ALÞINGI Þingkonurnar Unnur Brá Konráðsdóttir Sjálfstæðisflokki og Arndís Soffía Sigurðardóttir VG, varamaður Atla Gíslasonar, hafa lagt fram samtals fimm fyrirspurnir til þriggja ráðherra vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi.**

**Þær vilja vita hvað stjórnvöld hafa gert til að mæta því fjárhagstjóni sem hlaust af gosunum og hvernig þau hyggjast fyrirbyggja að frekara tjón verði.**

**Ráðherrarnir sem eru spurðir eru forsætis-, samgöngu- og landbúnaðarráðherra.** - bþs

## SAMGÖNGUR

### Markarfljót fært til austurs

Ósar Markarfljóts verða færðir tvo kílómetra til austurs, samkvæmt aðgerðum sem samgönguráðherra samþykkti til að bjarga Landeyjahöfn. Samið verður við Íslenska gámafélagið um að dýpka höfnina. Keyptur verður plógur sem Lóðsinn í Vestmannaeyjum notar til að draga efni út úr innsiglingu Landeyjarhafnar. Heildarkostnaður er áætlaður um 180 milljónir króna í vetur.






Dæmdur ofbeldismaður og dópsali gekk í skrokk á föður sínum á sunnudag:

# Ólafur Þórðarson er þungt haldinn

**LÖGREGLUMÁL** Ólafur Þórðarson tónlistarmaður liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild eftir höfuðáverka sem sonur hans veitti honum á sunnudag.

Sonur Ólafs, Þorvarður Davíð Ólafsson, hefur játað að hafa ráðist á föður sinn og var í gær úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn. Árásina gerði Þorvarður á heimili Ólafs í Þingholtunum í Reykjavík. Framburður vitna leiddi til handtöku Þorvarðar og konu sem með honum var. Konunni var síðar sleppt.

Þorvarður sem er 31 árs gamall á sakaferil aftur til ársins 1998 og hefur meðal annars hlotið átján og fimmtán mánaða fangelsisdóma. Meðal afbrota sem hann er dæmdur fyrir eru fjórar líkamsárásir, fíkniefnasala og ólöglegur vopnaburður. Þorvarður var látinn laus úr fangelsi til reynslu í sumarlok.

Ólafur Þórðarson er landsþekktur tónlistarmaður allt frá því um miðjan sjöunda áratuginn. Hann er meðlimur í hinu ástæla Ríó Tríói sem enn er starfandi og hefur að undanförnu verið með tónleika eftir nokkurt hlé. Ólafur hefur að auki fengist við mörg önnur störf og er meðal annars dagskrárgerðarmaður á Rás 1 á Ríkisútvarpinu. - gar



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Varð fyrir árás sonar síns á sunnudag og liggur alvarlega slasaður á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dagur íslenskrar tungu

Muu

# Þökkum fyrir frábæra þátttöku í nýyrðasamkeppninni á ms.is




Dæmi um hugmyndaauðgi landsmanna



Í málræktarátaki Mjólkursamsölunnar sem nú birtist á mjólkurfernum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Landsmönnum er boðið að velja sitt uppáhaldsnýyrði og koma með tillögur að fleirum. Nú þegar hefur mikill fjöldi látið í ljós skoðun sína og daglega bætast við snjallar hugmyndir að nýjum og endurnýjuðum orðum.

Á degi íslenskrar tungu þökkum við þeim fjölmörgu sem tekið hafa þátt og hvetjum alla til að skoða hugmyndirnar og láta þær flæða á **www.ms.is**

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

**www.ms.is**

**GENGIÐ 15.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,32 | 112,86 |
| Sterlingspund | 180,60 | 181,48 |
| Evra | 152,90 | 153,76 |
| Dönsk króna | 20,509 | 20,629 |
| Norsk króna | 18,72 | 18,83 |
| Sænsk króna | 16,277 | 16,373 |
| Japanskt jen | 1,354 | 1,362 |
| SDR | 174,84 | 175,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,02

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslensk málnefnd áhyggjufull yfir stöðu íslenskunnar í háskólasamfélaginu:

# Óttast enskuna í háskólum

**MENNTAMÁL** Íslensk málnefnd hefur áhyggjur af stöðu íslenskunnar í háskólasamfélaginu og vill að íslenska verði gerð að opinberu tungumáli í Háskóla Íslands. Þetta kemur fram í ályktun nefndarinnar sem samþykkt var um mánaðamót.

Fram kemur í ályktuninni að samkvæmt rannsóknum séu um og yfir níutíu prósent af öllu námsefni á háskólastigi hérlendis á ensku. Þá hafi um 80 prósent af doktorsritgerðum við Háskóla Íslands árin 2000 til 2009 verið á ensku.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Níutíu prósent af námsefni á háskólastigi hérlendis eru á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

„Ef þessi þróun heldur áfram næstu áratugi og námskeiðum og heilum námsbrautum á ensku fjölgar blasir við að verulega mun þá þrengt að íslenskri tungu í háskólasamfélaginu á Íslandi. Svo gæti farið að íslenska yrði ekki lengur gjaldgeng í íslenskum háskólum og yrði að víkja þar fyrir ensku,“ segir í ályktuninni.

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að spyrna fótum við þessari þróun, þótt óraunhæft og óskynsamlegt væri að ryðja ensku eða öðrum erlendum tungumálum úr háskólasamfélaginu. - sh

Takmarka notkun leysibenda:

# Þarf leyfi frá Geislavörnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Settar verða reglur til að takmarka notkun öflugra leysibenda vegna vaxandi fjölda dæma um misnotkun.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra hefur boðað reglugerðarbreytingu sem gerir notkun öflugra leysigeisla leyfisskylda og innflutning þeirra tilkynningaskyldan.

Dæmi eru um að slíkum leysigeislum sé beint að flugstjórnarklefum flugvéla og að bílstjórum við akstur. Alvarleg slys geta hlotist af slíkri misnotkun. - bj

Sjálfsbjörg býður þjónustu:

# Bregðast við skuldavanda

**SAMFÉLAGSMÁL** Þeim félagsmönnum Sjálfsbjargar sem eru í skuldavanda vegna íbúðakaupa verður nú boðið upp á fjármálaráðgjöf og aðstoð í samskiptum við lánastofnanir. Ekki er um fjárhagsaðstoð að ræða, heldur markviss viðtöl þar sem leitað verður mögulegra lausna.

„Við erum að bregðast við þeim aðstæðum sem eru í gangi hjá okkar fólki og byrjum á því að taka þá sem eru í vandræðum út af húsnæðismálum í kjölfar hrunsins,“ segir Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar. - sv

KFC vinnur dómsmál:

# Enginn Twister á Aktu taktu

**DÓMSMÁL Söluturnum Aktu taktu hefur verið meinað að bjóða upp á rétt með nafninu Twister, samkvæmt dómi héraðsdóms.**

**Veitingahúsakeðjan Kentucky Fried Chicken krafðist þess að Aktu taktu hætti notkun á vörumerkinu, enda hefði KFC átt einkarétt á Twister-merkinu frá árinu 2000. Aktu taktu hóf að nota nafnið Taco Twister árið 2004.**

**FoodCo, sem rekur Aktu taktu, er gert að afmá vörumerkið Twister af matseðlum sínum og kynningarefni innan 30 daga að viðlögðum 50 þúsund króna dagsektum til KFC.** - sh

**LEIÐRÉTT**

Aðstandendur málþingsins Hvernig getur ADHD barnið náð stjórn og einbeitingu án lyfja heita Sigríður Jónsdóttir og Gréta Jónsdóttir en nöfn þeirra misfórust í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Beðist er velvirðingar á því.

# Frambjóðendur gagnrýna bæði stjórnvöld og fjölmiðla

**Hópur frambjóðenda til stjórnlagaþings er ósáttur við hversu litla kynningu stefnumál þeirra hafa fengið. Skorar á Ríkisútvarpið að sinna lýðræðishlutverki sínu. Kynningarefni stjórnvalda verður sent út í dag.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað veldur óánægju meðal frambjóðenda til stjórnlagaþings?

Stór hópur frambjóðenda til stjórnlagaþings er afar ósáttur við hversu litla kynningu málstaður frambjóðenda hefur fengið í aðdraganda kosninganna. Skorað hefur verið á Ríkisútvarpið að sinna lýðræðislegu hlutverki sínu og kynna frambjóðendurna fyrir almenningi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur orðið til vísir að nokkurs konar hagsmunasamtökum frambjóðenda á netinu, þar sem nærri 200 af 523 frambjóðendum hafa skipst á skoðunum um fyrirkomulag kosninganna á lokuðum póstlista.

Þar hafa bæði stjórnvöld og fjölmiðlar, sérstaklega Ríkisútvarpið, verið harðlega gagnrýnd fyrir að sinna ekki kynningu á kosningunum og frambjóðendum betur.

Sendingar frá fjölmiðlum til frambjóðenda þar sem þeim er boðið að kaupa auglýsingar í miðlum sem lítið hafa fjallað um kosningarnar hafa hleypt illu blóði í hluta frambjóðenda, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hópur þeirra hefur þegar skrifað undir áskorun til Ríkisútvarpsins um að sinna lýðræðishlutverki sínu og upplýsa kjósendur um stefnumál frambjóðenda. Ekki náðist í Pál Magnússon útvarpsstjóra í gær til að bera þessa áskorun undir hann.

Frambjóðendur sem rætt hafa þessi mál á póstlistanum hafa margir hverjir lýst áhyggjum sínum af kosningaþátttöku. Vísað hefur verið til skoðanakönnunar MMR, sem sýndi að aðeins tæplega 55 prósent voru búin að ákveða að kjósa.

Til að bregðast við þessu hafa frambjóðendurnir rætt um að kaupa sameiginlega auglýsingar þar sem fólk er hvatt til að nýta kosningarétt sinn í þessum mikilvægu kosningum.

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, segir áhyggjuefni ef fáir ætli sér að kjósa. Hún vonast til þess að áhuginn glæðist þegar kynningarefni stjórnvalda berst kjósendum.

„Það er mjög brýnt að fólk noti kosningarétt sinn, þetta er tækifæri fólks til að hafa áhrif,“ segir Guðrún. Hún tekur ekki undir áhyggjur sumra frambjóðenda um að kynning á þeirra stefnumálum sé ónóg. Hún bendir á að kosningavefur stjórnvalda, kosning.is, sé vel upp settur og skýr, og einkaaðilar hafi tekið sig til og sett upp kosningavefi.

Byrjað var að dreifa kynningarefni stjórnvalda í gær. Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, segir að sendur verði 96 síðna litprentaður bæklingur á öll heimili, auk þess sem hver kjósandi fær sýnishorn af kjörseðli.

Spurður hvort stjórnvöld hafi gert nóg til að kynna frambjóðendur segir Hjalti að stjórnvöld hafi sinnt skyldu sinni í þeim efnum. Það sé svo undir frambjóðendunum sjálfum komið að kynna sig betur.

brjann@frettabladid.is



**KJÖRFUNDUR** Fáir hafa nýtt sér möguleika á að kjósa utan kjörfundar enn sem komið er. Opnað var fyrir utankjörfundaratkvæði síðastliðinn miðvikudag, en um miðjan dag í gær hafði 121 greitt atkvæði á landinu öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fáir greitt atkvæði utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefur farið afar rólega af stað fyrir kosningarnar til stjórnlagaþings. Nokkrir tugir hafa kosið á dag síðan atkvæðagreiðslan hófst síðastliðinn miðvikudag. Um miðjan dag í gær hafði samtals 121 kosið utan kjörfundar, samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni á kjörstað í Laugardalshöll.

Atkvæðagreiðslan tekur mun lengri tíma fyrir hvern kjósanda sökum þess að fólk þarf að raða einkennisnúmerum allt að 25 frambjóðenda í rétta röð á kjörseðil sinn. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni á kjörstað tekur það hvern kjósanda oftast á bilinu fimm til fimmtán mínútur að kjósa.

Flestir koma vel undirbúnir með lista yfir þá frambjóðendur sem þeir ætla að kjósa. Hægt er að skoða upplýsingar um alla frambjóðendur, raða þeim á lista og prenta út á kosningavef dómsmálaráðuneytisins, kosning.is.

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá sýslumönnum um land allt. Í Reykjavík er kosið í Laugardalshöll. Þá er hægt að greiða atkvæði í sendiráðum Íslands erlendis. Kjördagur er laugardagurinn 27. nóvember.

Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNANDI VEÐUR**

Hlýnar í dag með nokkuð stífri austanátt, rigning eða slydda sunnan og austan til en styttir smám saman upp suðvestanlands. Á morgun verður hitinn víðast á bilinu 0-8 stig og úrkoma á austurhelmingi landsins.









Á MORGUN
Vaxandi NA-átt NV-til.





FIMMTUDAGUR
Allhvöss NA-átt NV-til annars mun hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 10° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | -1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




+ Bókaðu gistingu erlendis á icelandair.is

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52290 11/10

## KJÖRKASSINN



*Ertu búin(n) að setja vetrardekk undir bílinn?*

| | |
|---|---|
| Já | 69,4% |
| Nei | 30,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu að fara í leikhús í vetur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Forsvarsmenn Fjármálaeftirlitsins segja stofnunina hafa brugðist við gagnrýni í rannsóknarskýrslunni:

# FME verði hluti af lausninni en ekki vandanum

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur alls kært 43 mál til sérstaks saksóknara frá stofnun síðarnefnda embættisins. Þar af hafa sextán mál verið kærð undanfarið ár. Þetta er meðal þess sem fram kom á ársfundi FME í gær.

Í máli Lilju Ólafsdóttur, stjórnarformanns FME, kom fram að þegar hefði verið brugðist við athugasemdum sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í garð FME. Hún sagði að ímyndunarafl og kunnátta fjármálamanna fyrir hrun hefði verið meira en svo að svifasein ríkisstofnun réði við það. Þeir hefðu verið eins og unglingar sem prófuðu allt sem þeir gátu en skildu ekki samfélagslega ábyrgð sína. Snar þáttur í að bæta ástandið væri að fræða fjármálafólk um hætturnar sem stafað geti af gjörðum þess.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, sagði morgunljóst að frekari hagræðingu þyrfti í fjármálakerfinu til að fyrirtækin skiluðu nægum arði.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði í ræðu sinni áherslu á lagahyggjuna sem ríkti fyrir hrun. Bankamenn hafi verið sérfræðingar í að fara í kringum lögin en FME hafi einblínt á lagabókstafinn og ekki séð hvað var að. FME hafi verið hluti af vandamálinu og þurfi nú að vera hluti af lausninni.

„Við skulum ekki halda að við getum tamið ljónið – við þurfum að læra að lifa með því og vera ávallt meðvituð um hversu hættulegt það er. Og við þurfum að vernda almenning,“ sagði Árni Páll. **- sh**



**STJÓRNARFORMAÐURINN** Lilja Ólafsdóttir sagði að þegar hefði verið brugðist við gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR


kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20

**Mjólk**
á tilboði alla þriðjudaga



Nýmjólk & léttmjólk 1L
75 kr/stk

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook


# Fátækt og fordómar einkenna líf öryrkja

**Yfir 80 prósent öryrkja vilja vera virk á vinnumarkaði en bótakerfið og viðhorf atvinnurekenda stendur í veginum. Öryrki fær að meðaltali 175 þúsund krónur í mánaðarlaun. Fordómar og félagsleg einangrun er upplifun flestra öryrkja.**

**FÉLAGSMÁL** „Ég er hræddur um að margir í þessum stóra hópi hafi lítið síðustu vikuna í hverjum mánuði. Margir svelta einfaldlega,“ segir Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands. Úttekt Þjóðmálastofnunar um hagi og lífskjör öryrkja sýnir að stór hluti öryrkja er fastur í fátæktargildru. Stór hluti öryrkja vill vinna launaða vinnu en uppbygging bótakerfisins og aðstæður á vinnumarkaði koma í veg fyrir atvinnuþátttöku.



**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Guðmundur segir að úttektin dragi upp dökka mynd en hafa beri hugfast að hún var gerð hrunmánuðina frá lokum september 2008 til janúar 2009. „Kjör öryrkja hafa versnað umtalsvert síðan, eins og hjá öðrum.“

Samkvæmt lífskjarakönnun Evrópusambandsins árið 2007 bjuggu um 23 þúsund Íslendingar á vinnualdri við hömlun eða fötlun. Mikill meirihluti öryrkja er 40 ára eða eldri enda langflestir hlotið örorku eftir að hafa verið virkir á vinnumarkaði. Áföll, veikindi eða slys með tilheyrandi tapi á vinnugetu eru þannig helstu ástæður þess að fólk fyllir hóp örorkulífeyrisþega, segir í skýrslunni en höfundur hennar er Guðrún Hannesdóttir félagsfræðingur.

Guðmundur bendir á að 80 prósent aðspurðra vilji vera virk á vinnumarkaði. Hins vegar séu möguleikar öryrkja takmarkaðir. „Það er ekki aðeins vegna fötlunar heldur líka aldurs. Svo nefna langflestir bótakerfið. Þar vita menn hvað þeir hafa en ekki hvað þú færð. Með öðrum orðum, menn hræðast að tapa réttindum.“

Könnunin leiðir í ljós að heildarmánaðartekjur öryrkja að meðaltali eru 175 þúsund krónur, en 40 prósent sögðust hafa átt í erfiðleikum með að greiða hefðbundin útgjöld á síðustu tólf mánuðum.

Það er sláandi í könnuninni hversu hátt hlutfall öryrkja upplifir félagslega einangrun og fordóma í samfélaginu. Yfir 70 prósent upplifa einangrun en 45 prósentum svarenda finnst þeir finna fyrir fordómum vegna örorku eða fötlunar sinnar. Fordómar koma ekki endilega utan frá heldur ekki síður frá fjölskyldu og vinum. Þeir sem eru á aldrinum 30 til 39 ára finna helst fyrir fordómum eða 59 prósent þeirra. Lægsta hlutfall er hjá þeim sem eru sextugir eða eldri, fjórðungur þeirra segist finna fyrir fordómum. **svavar@frettabladid.is**



**EINN AF 23 ÞÚSUND** Yfir 70 prósent öryrkja upplifa félagslega einangrun en 45 prósentum finnst þeir verða fyrir fordómum vegna örorku sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Skilgreining

„Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.“

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra samþykktur 13. desember 2006.


HugurAx býður til morgunverðarfundar

**Víða leynast krónurnar**

Tæki og tól til að auðvelda birgðastjórnun

Fimmtudaginn 18. nóvember
frá kl. 8:30 - 10:45 á Grand Hótel

Dagskrá:

Girnilegur morgunverður að hætti hússins

Inngangur
Gunnar Ingimundarson, framkvæmdastjóri HugarAx

Gagarín, meira með minni fyrirhöfn
Einföld en öflug lagerlausn

HugurAx Mobile
Fyrir sölumenn á ferðinni

OWAS vöruhúsakerfi
Vöruhúsakerfi frá A - Ö

Reynsla viðskiptavinar - Egilsson / Office 1

Vélbúnaður EJS
Kynning á handtölvum

Samantekt
Gunnar Ingimundarson

Ráðgjafar okkar verða til viðtals að loknum kynningum

Skráðu þig strax með því að senda póst á vignir@hugurax.is
(nafn fyrirtækis, þátttakanda og símanúmer),
eða með því að hringja í síma 545 1000

EJS | HLUTI AF SKÝRR   HUGUR / AX   VERSLUNARTÆKNI


Venesúelskur lögreglumaður fylgdi meintum höfuðpaur skattsvikamáli til Íslands:

# Kominn heim og farinn í varðhald

**LÖGREGLUMÁL** Steingrímur Þór Ólafsson, grunaður höfuðpaur í stóru skattsvikamáli, er kominn til landsins og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 27. nóvember.

Steingrímur var handtekinn á flugvelli á eyjunni Margarita í Venesúela í síðasta mánuði. Hann var þá á leið til Spánar. Í síðustu viku féllust þarlend yfirvöld á framsal hans til Íslands. Venesúelskur lögreglumaður flaug með hann til landsins í gegnum París og afhenti íslenskum lögreglumönnum á föstudag.

Steingrímur er talinn vera maðurinn á bak við 270 milljóna króna svik út úr virðisaukaskattkerfinu. Fjöldi manna hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins, þeirra á meðal fyrrverandi starfsmaður Ríkisskattstjóra.

Í húsleit vegna málsins lagði lögregla hald á rúmlega ellefu kíló af hassi sem grunur leikur á að hafi verið í eigu Steingríms. Lögregla hefur meðal annars rannsakað hvort ágóðinn af svikunum hafi runnið til fíkniefnakaupa.

Talið er að brot fólksins hafi staðið í vel á annað ár. **- sh**



**STEINGRÍMUR Í VENESÚELA** Lögregla stillti sér upp með Steingrími eftir handtökuna ytra.

# Örugg tölvukerfi fyrir verðmætavinnu

## Dell PowerEdge T310

Intel Xeon X3430 örgjörvi
2.4GHz, 8M Cache, Turbo
Intel 3420 kubbasett
4GB 1333MHz Dual Rank RDIMM minni (2x2GB)
2x 1TB (7.200 rpm) 3.5" SATA "Hot Plug" diskar
RAID 1 uppsetning
PERC 6/i RAID diskastýring 256MB PCIe
16x DVD-ROM geisladrif
Innbyggt Dual-Port Broadcom 5716 Gigabit netkort
Matrox G200eW skjástýring



Öflugur og áreiðanlegur netþjónn frá Dell eykur skilvirkni, tryggir gagnaöryggi og safnar allri þekkingu fyrirtækisins á einn stað.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.



### Dell PowerVault MD3200

Utanáliggjandi SAS tengd diskageymsla fyrir SAS og SATA diska. Skalanleg og áreiðanleg í rekstri.



### Dell 2330DN prentari

Prentar út í hárri upplausn og á miklum hraða, áreiðanlegur og ódýr í rekstri.



### Dell Poweredge T410

Hannaður fyrir fyrirtæki sem vilja að tölvubúnaðurinn vaxi með þeim.



### Dell PowerEdge R310 Rack

Eins örgjörva, 1U netþjónn með plássi fyrir 4 diska og ódýrum RAID valkostum.



### Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.



### Dell Latitude E6410

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS | HLUTI AF SKÝRR

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað telur Samband sveitarfélaga raunhæft að spara mikið í rekstri grunnskólanna?
2. Hver setti Íslandsmet í 100 metra skriðsundi nú um helgina?
3. Hvað heitir stjórnmálakonan sem sagði af sér formennsku í sænska Jafnaðarmannaflokknum á sunnudag?

SVÖR

1. Einn milljarð króna 2. Ragnheiður Ragnarsdóttir og synti á 54,65 sek. 3. Mona Sahlin

**ATHAFNAVIKA:** Ráðherra setur alþjóðlega athafnaviku

Startup Weekend-vinnusmiðjan haldin í fyrsta sinn á Íslandi:

# Kenna fólki stofnun sprotafyrirtækja

Startup Weekend-vinnusmiðjan verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi í lok alþjóðlegrar athafnaviku. Um er að ræða vinnusmiðju með leiðbeinendum frá Bandaríkjunum sem munu fræða þátttakendur um stofnun sprotafyrirtækja og mótun viðskiptahugmynda.

Kristján Freyr Kristjánsson, starfsmaður hjá Innovit, sér um viðburðinn og segir hann hópinn sem sækir viðburðinn afar blandaðan. „Þátttakendur skiptast í raun í þrjá hópa: almenningur sem vill og hefur áhuga á nýsköpun, háskólanemar og svo starfsmenn sprotafyrirtækja sem vilja þróa sínar eigin hugmyndir. Frumkvöðlar sem hafa áhuga á því stofna sín eigin fyrirtæki,“ segir Kristján.

Startup Weekend er 54 stunda vinnusmiðja þar sem nýjar viðskiptahugmyndir eru þróaðar. Á föstudeginum verða bestu hugmyndirnar kynntar og þær þróaðar áfram út helgina. Helgin er partur af alþjóðlegum viðburði sem hefur verið haldinn í yfir hundrað borgum víðs vegar um heim

Landsbankinn og Innovit standa saman að framtakinu sem stendur yfir 19. til 21. nóvember næstkomandi. Upplýsingar og skráningu er að finna á síðunni www.iceland.startupweekend.org. - SV



**KRISTJÁN FREYR KRISTJÁNSSON** Umsjónarmaður Startup Weekend segir hópinn sem sækir viðburðinn afar blandaðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON








**BISKUPSSTOFA** Rannsóknarnefnd mun skoða viðbrögð og starfshætti Þjóðkirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi vegna kynferðisbrota. Nefndin skal skila niðurstöðum fyrir 1. júní á næsta ári.

# Rannsóknarstarfið hafið hjá kirkjunni

**Kirkjuþing hefur samþykkt tillögu kirkjuráðs um rannsóknarnefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar nemur allt að 12 milljónum króna. Umfangsmikið verkefni, segir formaður nefndarinnar.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kirkjuþing samþykkti samhljóða tilnefningar kirkjuráðs til rannsóknarnefndar á laugardag sem á að rannsaka viðbrögð og starfshætti Þjóðkirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi vegna kynferðisbrota.

Rannsóknarnefndin er skipuð þeim Róbert R. Spanó, prófessor og forseta lagadeildar Háskóla Íslands (HÍ), Berglindi Guðmundsdóttur, sálfræðingi og klínískum dósent við sálfræðideild HÍ, og Þorgeiri Inga Njálssyni, dómstjóra Héraðsdóms Reykjaness og aðjúnkts við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Kostnaðarumsögn fjármálasviðs Biskupsstofu sem lögð var fram á kirkjuþingi tilgreinir að kostnaður við starf nefndarinnar muni greiðast úr kirkjumálasjóði og er áætlaður á bilinu 10 til 12 milljónir króna, miðað við umfang verkefnisins.

Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, segir kostnað fyrst og fremst fólginn í vinnuframlagi nefndarmanna og eftir atvikum annarra sem munu aðstoða nefndina við störf hennar. Samkvæmt tillögunni á nefndin að skila af sér rökstuddum niðurstöðum eigi síðar en 1. júní næsta árs og jafnframt að kynna þær opinberlega.

„Vegna umfangs og eðlis verkefnisins tel ég líklegt að nefndin muni þurfa að nýta þann tíma sem hún hefur til fulls,“ segir Róbert. „Niðurstöður nefndarinnar verða aðeins kunngerðar opinberlega þegar starfinu er lokið.“

Nefndin á að fá óheftan aðgang að öllum gögnum kirkjunnar sem kunna að varpa ljósi á hvort um mistök, vanrækslu eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot voru komnar fram og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Róbert væntir þess að það gangi eftir og segir hópinn munu hittast á fundi í vikunni.

„Gera má ráð fyrir að verkefnið verði þríþætt. Gagnaöflun í upphafi, síðan viðtöl við þá sem í hlut eiga og starfsmenn kirkjunnar, og loks skýrslugerð og frágangur,“ segir hann. Rannsóknin verður bundin við viðbrögð kirkjunnar við meintum kynferðisbrotum Ólafs Skúlasonar biskups.

„Nefndarmenn hafa þegar rætt saman um verkefnið en fyrsti formlegi vinnufundurinn fer fram í þessari viku,“ segir Róbert.

sunna@frettabladid.is



> Vegna umfangs og eðlis verkefnisins tel ég líklegt að nefndin muni þurfa að nýta þann tíma sem hún hefur til fulls.
>
> **RÓBERT R. SPANÓ**
> FORMAÐUR RANNSÓKNARNEFNDARINNAR









Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Taktu vorið með trompi!




## Tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator“

| Morgunnámskeið byrjar 18. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið 17. jan. | Lotunám 1. feb. |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 18. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. janúar |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 31. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 15. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 18. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. janúar |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 1. mars |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. febrúar |

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

OPIN KERFI

PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER

PROMETRIC

INNRITUN Á VORÖNN STENDUR YFIR NÚNA!

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




Skortur á gögnum um Íraksmálið sagður í takti við gagnrýni rannsóknarnefndar:

# Þrjú skjöl í forsætisráðuneyti

**UTANRÍKISMÁL** Aðeins þrjú skjöl finnast í forsætisráðuneytinu sem tengjast ákvörðun forsætisráðherra og utanríkisráðherra um stuðning Íslands við innrás Bandaríkjanna í Írak í mars 2003. Skjölin verða ekki afhent fjölmiðlum.

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu er um að ræða eina fundargerð ríkisstjórnarfundar og tvö vinnuskjöl, sem eru undanþegin upplýsingalögum.

Þessi skortur á skriflegum gögnum um aðdragandann og um ákvörðunina, er í takti við gagnrýni rannsóknarnefndar Alþingis á íslenska stjórnsýslu, segir Ómar Hlynur Kristmundsson, prófessor í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Í svari forsætisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að skjölin þrjú verði afhent utanríkismálanefnd Alþingis. Utanríkisráðuneytið birti fyrir helgi lista með skjölum sem tengjast ákvörðuninni. Aðeins lítill hluti gagnanna tengdist málinu beint, stór hluti var til dæmis úrklippur úr erlendum dagblöðum. **- bj**



**ÁKVÖRÐUN** Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson ákváðu í mars 2003 að Ísland færi á lista yfir viljugar þjóðir sem studdu hernað Bandaríkjanna í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Milljón evrur í hlutafé til að veita smálán

**Smálánafyrirtækjum eru settar þröngar skorður í frumvarpsdrögum. Smálánafyrirtæki fagna því að málið sé komið í ferli en ætla að gera athugasemdir.**

**STJÓRNMÁL** Hlutafé smálánafyrirtækja þarf að lágmarki að vera ein milljón evra, sem svarar til rúmlega 153 milljóna króna á gengi dagsins, samkvæmt frumvarpsdrögum efnahags- og viðskiptaráðherra um lög um smálánafyrirtæki.

Er leitast við að setja lagaumgjörð um starfsemi smálánafyrirtækja sem er sambærileg þeirri sem gildir um fjármálafyrirtæki, að því er segir í tilkynningu frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Auk ákvæðis um hlutafé má nefna að í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir þröngum skilyrðum um lánveitingar. Ólögráða mega ekki fá lán né heldur fólk sem hefur tekjur undir atvinnuleysisbótum. Þá mega þeir sem samið hafa um sértæka skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun ekki taka smálán. Enn fremur má aðeins afgreiða smálán á milli níu og fimm á virkum dögum.

„Við höfum kallað eftir umgjörð um starfsemina og fögnum því að málið sé loksins komið í ferli,“ segir Leifur Haraldsson, framkvæmdastjóri Kredia.

Kollegi hans hjá Hraðpeningum, Skorri Rafn Rafnsson, tekur í sama streng. Báðir upplýstu að ár væri liðið frá því að þeir áttu fundi með embættismönnum um málið en hvorugur vildi tjá sig um einstök ákvæði frumvarpsdraganna.

Ráðuneytið kallar eftir athugasemdum og ætla Leifur og Skorri Rafn að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðuneytið. **bjorn@frettabladid.is**

## Helstu ákvæði frumvarpsdraganna

**Með starfsemi smálánafyrirtækja er átt við starfsemi sem felst í að veita allt að milljón króna lán.**

- Fjármálaeftirlitið veitir smálánafyrirtæki starfsleyfi.
- Hlutafé smálánafyrirtækis skal að lágmarki nema einni milljón evra.
- Stofnendur, stjórnarmenn og starfsmenn smálánafyrirtækja undirgangast sömu hæfisskilyrði og gilda um fjármálafyrirtæki.
- Smálánafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra sem eiga fimm prósent eða stærri hlut í fyrirtækinu.
- Smálánafyrirtæki á að meta greiðslugetu viðskiptavina. Ekki er heimilt að veita lán til fólks sem ólögráða, er ekki fjár síns ráðandi, hefur meðalatvinnutekjur síðastliðna tólf mánuði undir lægstu atvinnuleysisbótum, hefur gengið frá samningi um sértæka skuldaaðlögun á síðustu tólf mánuðum, hefur hafið greiðsluaðlögunarumleitan eða lokið samningi um greiðsluaðlögun.
- Óheimilt er að greiða út lán til viðskiptamanns fyrr en 48 klukkustundir eru liðnar frá samþykkt lánsumsóknar.
- Móttaka og afgreiðsla umsókna um smálán er heimil frá níu til fimm hvern virkan dag.
- Lög um vexti og verðtryggingu gilda um vaxtakjör smálána.
- Smálánafyrirtæki er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi.
- Smálánafyrirtæki skulu greiða 600 þúsund króna fastagjald vegna kostnaðar við eftirlit.
- Smálánafyrirtæki skulu greiða 166 þúsund krónur fyrir leyfisbréf.





# Húsnæði Heilsugæslunnar í Glæsibæ *til sölu*

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefur til sölumeðferðar allt hlutafé Þrengsla ehf.

## *Þrengsli*

Þrengsli ehf. er eignarhaldsfélag sem á fasteign nr. 226-2368 að Álfheimum 74, 3. hæð, 104 Reykjavík. Um er að ræða tæplega 1.000 m² að sameign meðtalinni. Fasteignin er í langtíma útleigu og hýsir starfsemi Heilsugæslunnar í Glæsibæ sem er hverfisstöð íbúa Voga og Heimahverfis.

## *Söluferlið*

Boðið er til sölu allt hlutafé Þrengsla ehf. og er gert ráð fyrir að það verði selt í einu lagi. Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum.

*Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu skulu leggja fram trúnaðaryfirlýsingu sem skilast til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka á þar til gerðu formi. Í kjölfarið verða sölugögn afhent fjárfestum.*

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun taka við skuldbindandi tilboðum í hlutafé Þrengsla ehf. til kl. 16.00 fimmtudaginn 2. desember næstkomandi.

Seljandi áskilur sér rétt til að i) gera breytingar á skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða ii) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

## *Frekari upplýsingar*

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í síma **444-6805** eða með því að senda tölvupóst á **fyrirtaekjaradgjof.threngsli2010@arionbanki.is**.

Arion banki


Suu Kyi undirbýr endurkomu í stjórnmálin í Búrma:

# Óttast ekki herforingjana

**BÚRMA, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi Lýðræðisflokksins í Búrma, tók til óspilltra málanna í gær við að undirbúa endurkomu sína í stjórnmál landsins.

Hún byrjaði á að ræða við lögfræðinga um leiðir til þess að fá stjórnmálaflokk sinn skráðan á ný. Í viðtali við BBC sagðist hún enn vilja lýðræðisbyltingu í Búrma, en tók fram að sú bylting yrði að vera friðsamleg. Hún sagðist ekki vera hrædd þótt hún gerði sér fulla grein fyrir að herforingjastjórnin gæti sett hana í fangelsi aftur.



AUNG SAN SUU KYI

Suu Kyi var látin laus úr stofufangelsi á laugardag, en hún hefur verið fangi herforingjastjórnarinnar í landinu í samtals fimmtán af síðustu tuttugu árum. **- gb**

# Morgunverður íslenskrar tungu

ÍSLENSKA / SIA.IS / NAT 52363 11/10




Maður sem réðst á stúlku á gangstíg í Laugardal:

# Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhald manns, sem að tilefnislausu réðst hrottalega á sextán ára stúlku á göngustíg í Laugardal.

Maðurinn hefur játað brot sitt, en hann verður í gæsluvarðhaldi til 10. desember. Hæstiréttur féllst á að maðurinn gangist undir geðrannsókn.

Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að maðurinn segist ekki muna mikið eftir atburðarásinni sökum ölvunar. Hann segist hafa verið mjög reiður eftir að hafa verið vísað úr strætisvagni, en engin sérstök ástæða hafi verið fyrir árásinni.

Stúlkan var á leið heim úr skóla þegar maðurinn réðst á hana. Hann lamdi hana með þungu áhaldi í höfuðið svo hún féll við, tók hana síðan kverkataki svo hún missti meðvitund, en þá hljóp hann burt. **- gb**




**HEIMSENDASTEMNING** Írskir fjölmiðlar auglýsa fyrirsagnir um að evrunni verði ekki mikið lengur við bjargandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Írar bera sig mannalega

**Evrópusambandið segir að Írum standi til boða efnahagsleg aðstoð úr stöðugleikasjóði ESB og AGS, en Írar segjast ekki þurfa á neinni aðstoð að halda.**

**ÍRLAND, AP** Írsk stjórnvöld ítrekuðu í gær að þau telji sig ekki þurfa neina fjárhagsaðstoð frá Evrópusambandinu til að komast í gegnum kreppuna, að minnsta kosti ekki strax. Nóg fé sé til í ríkissjóði til að endast fram á mitt næsta ár án nýrrar lántöku.

Írsk stjórnvöld viðurkenndu hins vegar að hafa undanfarna daga átt í viðræðum við evrópska ráðamenn um vandann, sem írska bankakerfið stendur frammi fyrir.

Staða Írlands verður rædd á fundi fjármálaráðherra evrulandanna, sem haldinn verður í Brussel í dag.

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa áhyggjur af því að vandræði írskra banka geti gert fjárhagsvanda annarra Evrópusambandsríkja enn erfiðari, og er hann þó nógu erfiður fyrir.

Fréttastofan Bloomberg hefur eftir Christoph Weil, sérfræðingi við þýska bankann Commerzbank, að fyrr eða síðar hljóti Írar að þurfa utanaðkomandi aðstoð.

Vitor Constancio, aðstoðarbankastjóri seðlabanka Evrópusambandsins, segir að stöðugleikasjóður ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem stofnaður var þegar Grikkir stóðu frammi fyrir illviðráðanlegum fjárhagsvanda, standi einnig Írum til boða.

Fjárfestar óttast að írska ríkið ráði ekki við vandann og írskir bankar fari hreinlega á hausinn. Þessi ótti veldur því að lántökukostnaður annarra Evrópusambandsríkja hækkar, en við því mega þau varla vegna eigin skuldavanda.

„Við höfum nákvæmlega enga ástæðu til þess að Írland ætti að leita eftir utanaðkomandi aðstoð,“ segir Dick Roche, Evrópumálaráðherra írsku stjórnarinnar. „Fjárhagslega er Írland vel stætt.“

Hann hélt því ákveðið fram að ekki stæði til að leita eftir aðstoð úr neyðarsjóði Evrópusambandsins: „Við vitum ekki hve oft við þurfum að segja þetta, sem ríkisstjórn, til þess að stöðva allar þessar ónákvæmu vangaveltur.“

Markaðsólgan er hins vegar tekin að líkjast því sem gerðist á Grikklandi áður en Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hlupu undir bagga þar í vor.

gudsteinn@frettabladid.is



LES FERMES
CAVENDISH
FARMS

# 0% transfita!




Cavendish -
Bragðgóðar franskar
fyrir alla fjölskylduna

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu:

## Háskólar efli íslenska tungu

Dagur íslenskrar tungu er í dag haldinn hátíðlegur í fimmtánda sinn en fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar hefur verið helgaður íslenskri tungu frá árinu 1996. Vel hefur tekist til að gera þennan dag að hátíðisdegi. Það er ekki síst í skólum og leikskólum þar sem nemendur og kennarar gera sér dagamun með hátíðarhöldum sem eru í senn skemmtileg og til þess fallin að örva eftirtekt og tilfinningu fyrir móðurmálinu.

Íslensk málnefnd hefur sent frá sér árlega ályktun sína um stöðu íslenskrar tungu. Að þessu sinni beinist ályktunin að málnotkun í íslensku háskólasamfélagi. Hvatt er til þess að íslenskan eflist þar og dafni en verði ekki hornreka eins og teikn séu um að hún verði.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Íslensk málnefnd leggur til að íslenskan verði opinbert mál háskóla á Íslandi og að meginreglan verði sú að íslenska sé vinnumál jafnt í kennslu sem rannsóknum og stjórnsýslu háskólanna. Þá er lagt til að kennsla í grunnnámi verði að öllu jöfnu á íslensku.

Áhyggjur málnefndar af stöðu íslenskunnar í háskólum eru ekki úr lausu lofti gripnar. Rannsóknir sýna að um níutíu prósent námsefnis á háskólastigi hér á landi sé á ensku. Enn meira áhyggjuefni er þó hversu mjög hefur færst í vöxt að kennsla og verkefnavinna fari fram á ensku. Þetta á ekki bara við um framhaldsnám heldur einnig grunnnám í háskólum. Þannig voru rúmlega 11 af hundraði námskeiða í Háskóla Íslands á síðasta skólaári kennd á ensku, alls 250 námskeið. Af þeim var nærri helmingur í grunnnámi.

Í grunnnámi í háskóla feta nemendur fyrstu skrefin í fagi sínu. Þar tileinka þeir sér hugtök og fræðilegan orðaforða. Þeir sem á annað borð fara til starfa í grein sinni munu nota þennan orðaforða í starfi og mun meiri líkur eru á því en minni að starfsvettvangurinn verði einmitt á Íslandi, í íslensku málumhverfi. Ef ekki þá er alkunna að besta stoðin undir nám í færni í erlendu tungumáli er einmitt traust og haldgóð þekking á móðurmálinu. Það er því allt að vinna að í grunnnámi í háskóla byggist upp haldgóður orðaforði í fræðigrein á móðurmálinu, auk þess sem þjálfun í rökræðum um greinina á móðurmáli er sjálfsagður liður í náminu.

Það hefur lengi verið viðtekin hugmynd í íslensku samfélagi að Íslendingar væru svo góðir í ensku. Hvort sem sú hugmynd er delluhugmynd eða ekki þá er ljóst að móðurmálið er það tungumál sem hverjum er tamast. Á því getur hver maður tjáð það sem hann vill tjá. Á erlendu tungumáli setur kunnáttan í málinu hins vegar rammann um tjáninguna í stað hugsunarinnar. Þannig halda ekki þau rök fyrir enskuvæðingu háskólasamfélagsins að mikilvægt sé háskólanemum að byggja upp orðaforða í fræðigrein sinni í grunnnáminu.

Það má ekki gerast að íslenskan missi umdæmi í íslensku háskólasamfélagi. Hér verður að snúa vörn í sókn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Fundur um náttúruvernd og ferðaþjónustu**

Umhverfisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið efna til fundar um náttúruvernd og ferðaþjónustu á Grand Hótel, fimmtudaginn 18. nóvember kl. 8:30-10:00. Á fundinum verður fjallað um nýlega úttekt Umhverfisstofnunar á álagi á friðlýstum svæðum vegna ferðamanna, úrræði til umbóta, fjármögnun þeirra og leiðir til að tryggja að ferðaþjónusta og náttúruvernd fari saman.

**Dagskrá:**
- Ávarp Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra.
- Ástand og umbætur á friðlýstum svæðum. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.
- Ferðamannastaðir á Íslandi – uppbygging til framtíðar. Elías Gíslason, forstöðumaður ferðamálasviðs Ferðamálastofu.
- Uppbygging ferðamannastaða. Fjármögnun, ábyrgð, sjálfbærni. Einar Torfi Finnsson, framleiðslustjóri hjá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum, handhafa umhverfisverðlauna Ferðamálastofu.
- Rekstur og umsjá þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.
- Ávarp Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Að kyssa á vönd kvalarans**

Forsvarsmenn smálánafyrirtækja eru kokhraustir þrátt fyrir nýtt frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra sem, verði það að lögum, setur þeim afskaplega þröngar skorður. Þau þurfa að hafa eina milljón evra í hlutafé, sem er dágóð summa, mega ekki afgreiða kúnna um kvöld eða nætur og yfirhöfuð ekki fólk sem á við langvarandi fjárhagserfiðleika að stríða. Einhverjir kynnu að halda að með þessu muni Árni Páll Árnason, yfirlýstur andstæðingur smálánastarfsemi, kippa rekstrargrundvellinum undan fyrirtækjunum. En ekki smálánendurnir. Þeir fagna framtakinu.

**48 tíma skyndilausn**

Fyrirtækin hafa auglýst sig þannig að smálánin séu tilvalin þegar menn þurfa aukapening strax – til dæmis þegar ekki fæst heimild á greiðslukort í matvörubúðinni. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að biðtími eftir láni verði 48 klukkustundir. Það nenna tæpast margir að hinkra við búðarborðið eftir því. Líklega þarf smálánafyrirtækið Hraðpeningar að fara að huga að nýju nafni.





**Þrjár hægri hendur**

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur nú þrjár hægri hendur. Anna Sigrún Baldursdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Árna Páls Árnasonar, var ráðin sem hans hægri hönd þegar hann tók við ráðherraembættum í september. Hún aðstoðar hann í heilbrigðisráðuneytinu. Ingvar Sverrisson, fyrrverandi aðstoðarmaður Kristjáns L. Möller, hefur verið ráðinn sem hans önnur hægri hönd í félagsmálaráðuneytið. Þriðja hægri höndin er svo áföst.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Eigi skal höggva

Háskólar



Vífill Karlsson

hagfræðingur

Í Borgarfirði hefur þáttur menntamanna og menntastofnana verið athyglisverður og áberandi í gegnum tíðina. Verk Snorra Sturlusonar eru gjarnan tíunduð í þessu samhengi. Þá var athyglisvert skólastarf á Hvítárbakka á 19. öld. Upp úr miðri 20. öld störfuðu fimm skólar á framhaldsskólastigi: Samvinnuskólinn á Bifröst, Iðnskólinn í Borgarnesi, Reykholtsskóli, Húsmæðraskólinn á Varmalandi og Bændaskólinn á Hvanneyri. Þessir skólar áttu allir sín blómaskeið en þurftu seinna að berjast fyrir tilveru sinni. Allt of oft hefur verið vegið að þessu merka starfi. Jafnvel þó að eftir því hafi verið tekið að starfsemi þeirra, t.a.m. iðnskóla, hafi ýtt undir fjölgun iðnfyrirtækja í sínum heimabæjum á þeim tíma.

Samkvæmt nýlegri spurningakönnun (haust 2010) hefur vægi háskólamenntaðra einstaklinga aukist alls staðar á Vesturlandi frá árinu 2007 og er nú yfir landsmeðaltali á Akranesi, Hvalfirði og í Borgarfirði. Það er ekki sjálfgefið að það hlutfall sé svo hátt. Þetta er jarðvegur sem þarf að rækta.

Nútíma samfélagi verður ekki haldið úti á Íslandi ef við flytjum ekki inn vörur og þjónustu. Útflutningur er eina leiðin til að svo megi verða. Ferðaþjónusta, orkufrekur iðnaður og sjávarútvegur eru stunduð dreift í kringum landið. Þessar greinar afla miklu meira en helmings allra útflutningstekna þjóðarinnar þó vaxtasprotar séu í fleiri greinum. Þá byggir afkoma þjónustugreina á afkomu útflutningsgreina og annarra frumvinnslugreina. Landbúnaður er dæmi um frumvinnslugrein sem er í sára litlum útflutningi. Þjónustugreinar eru nauðsynlegar öllum atvinnugreinum. Þær eru eins og olía á gangverkið.

Höfuðborgarsvæðið er móðir allrar þjónustu. Það er eðli og hlutverk borga, einkum höfuðborga. Þess vegna þrífast landsbyggðin og höfuðborgin hver á annarri þó svo annað mætti stundum halda af þjóðfélagsumræðunni. Landsbyggðin er í þessum skilningi bakhjarl höfuðborgarsvæðisins og höfuðborgarsvæðið útherji landsbyggðarinnar.

Það er ekki lífvænlegt ef menn grafa undan bakhjörlum sínum. Þess vegna verða stjórnvöld að fara mjög varlega í aðgerðir sem höggva nærri undirstöðum landsbyggðarinnar. Sjúkrahús, skólar og samgöngur eru dæmi um undirstöðuþætti í dreifðum byggðum. Því er mikilvægt að draga úr fjarlægð háskóla og atvinnulífs á landsbyggðinni í stað þess að auka hana.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hrópað í hornum

Í DAG

Sverrir Jakobsson
sagnfræðingur



Ólafur Páll Jónsson heimspekingur skilgreindi á dögunum íslenska umræðuhefð sem prúttlýðræði en einkenni á því væri „að þar mætir fólk þeim sem það er ósammála sem einstaklingum sem það forðast að hlusta á“ (sbr. frétt á vefritinu Smugunni 1. nóvember s.l.) Mér varð hugsað til þessarar skilgreiningar þegar ég las grein eftir Hjörleif Guttormsson í Fréttablaðinu 12. nóvember sem var svar við grein eftir undirritaðan frá 2. nóvember. Í svari sínu endurritar Hjörleifur mín skrif með gildishlöðnu og tilfinningaþrungnu orðalagi og kallar þau tilraun til „að réttlæta uppgjöf forystu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs gagnvart Samfylkingunni við ríkisstjórnarmyndun í maí 2009“. Þetta orðalag á sér ekki stoð í neinu sem ég hef sagt. Fyrir mér átti sér aldrei neitt stríð stað og ekki heldur uppgjöf sem ég þurfi að réttlæta. Umorðun Hjörleifs á grein minni felur í sér valdbeitingu á tungumálinu þar sem allur málflutningur eru felldur að eintóna umræðuhefð; pólitískur ágreiningur felur í sér sigur eða tap og málamiðlanir eru kallaðar uppgjöf. Ég hef takmarkaðan áhuga á að reynt sé að þýða mín sjónarmið yfir á tungutak þeirra sem kjósa hróp í hornum fram yfir samræður.

Það kemur mér ekki á óvart að Hjörleifi Guttormssyni finnist margt aðfinnsluvert við samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar; ekki síst sú staðreynd að flokksráð vinstrigrænna kaus að ganga til stjórnarsamstarfs á grundvelli málamiðlunar varðandi stefnuna til Evrópusambandsins. Ég virði þá afstöðu hans að það hafi verið rangt að gera málamiðlun varðandi þetta mál og að það brjóti gegn grundvallastefnu flokksins. Ég skil hins vegar ekki þá staðhæfingu hans að samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi verið ætlað að „afvegaleiða“ flokksmenn vinstrigrænna. Í grein sinni færir hann engin rök fyrir því önnur en að benda á atriði í sáttmálanum sem hann er sjálfur efnislega ósammála. Séu þessir kaflar í samstarfsyfirlýsingunni gallaðir þá voru þeir gallar til staðar í fyrra þegar flokksráð VG samþykkti að ganga til samstarfs á grundvelli hennar. Það felst engin afvegaleiðing í því að önnur stefna hafi verið ákveðin en Hjörleifur hefði sjálfur kosið. Það er ekki hægt að afgreiða ágreining um forgangsmál og aðferðafræði í stjórnmálum sem svik og blekkingar.

> Ég hef takmarkaðan áhuga á að reynt sé að þýða mín sjónarmið yfir á tungutak þeirra sem kjósa hróp í hornum fram yfir samræður

Einu marktæku rökin sem Hjörleifur nefnir fyrir meintum forsendubresti eru að hann dregur það í efa að þingmenn VG hafi verið óbundnir í afstöðu til tillögu utanríkisráðherra um að leggja fram umsókn að Evrópusambandinu. Hjörleifur gengur svo langt að staðhæfa að forsendum málsins hafi verið „snúið á haus“ vegna þess að tillagan var lögð fram sem ríkisstjórnartillaga en ekki sem þingmannamál af hálfu utanríkisráðherra. Þar tel ég þó langt seilst í röksemdafærslu því að eftir sem áður var stjórnarþingmönnum frjálst að kjósa gegn tillögunni og ýmsir þeirra gerðu það. Það styður ekki staðhæfingar um fullkominn viðsnúning.

Hjörleifur telur einnig að það breyti forsendum fyrir aðildarumsókn að ríki sem gengu í ESB á árunum 2004 og 2007 fengu í aðdraganda þess sérfræðiráðgjöf og fjárhagsstyrki frá Brussel. Þetta eru vissulega nýmæli frá því að Noregur, Finnland og Svíþjóð sóttu um aðild að Evrópusambandinu á 10. áratugnum, en þetta eru ekki forsendur sem hafa breyst frá því að Alþingi samþykkti að sækja um aðild að Evrópusambandinu sumarið 2009 eða frá því að flokksráð VG samþykkti að ganga til ríkisstjórnarsamstarfs á þeim grundvelli að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Vera má að einhverjum þyki sú ákvörðun hafa verið röng og að enn aðrir hafi skipt um skoðun á réttmæti hennar. En þá ber að kalla skoðanaskiptin réttu nafni en ekki reyna að skella ábyrgðinni á aðra með órökstuddu tali um forsendubrest.

Hjörleifur kýs að kalla það útúrsnúning að ég hafi brugðist við áskorun hans og 99 annarra til forystu VG með því að rifja upp þá niðurstöðu sem grasrót flokksins komst að í fyrra eftir lýðræðislega umræðu. Jafnframt lýsti ég eftir afstöðu hundraðmenninganna til núverandi ríkisstjórnarsamstarfs vegna þess að ein forsenda þess samstarfs var að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Hjörleifur svarar ekki því kalli og greinir ekki frá afstöðu sinni til ríkisstjórnarsamstarfsins. Það væri þó umræðunni mjög til framdráttar að hann og aðrir veittu skýr svör um það.

# Niðurskurður og starf í framhaldsskólum

Menntun

Aðalheiður Steingrímsdóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara



Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár eru gerðar tillögur um hátt í 6% niðurskurð á fjárveitingum til framhaldsskóla. Hann á að koma ofan á mikinn niðurskurð á þessu ári og mikla hagræðingu í rekstri á liðnum árum. Í skýrslum OECD um menntamál kemur fram að árleg útgjöld vegna hvers nemanda í íslenskum framhaldsskólum lækkuðu að raunvirði milli áranna 2006 og 2007 og voru þegar á þeim árum lág í alþjóðlegum samanburði. Það á við hvort sem mælt er á jafnvirðismælikvarða eða sem hlutfall af landsframleiðslu á íbúa. Ef notaður er jafnvirðismælikvarðinn þá voru útgjöld á Íslandi árið 2007 á hvern framhaldsskólanema 11% undir meðaltali OECD en 19% undir meðaltalinu ef útgjöldin eru mæld sem hlutfall af landsframleiðslu á íbúa. Frá því að kreppan skall á hafa útgjöld til skólanna dregist mikið saman og nú er komið að endamörkum. Enginn sem þekkir rekstur framhaldsskóla telur mögulegt að skólarnir geti staðið undir þeim niðurskurði sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Nýjar rannsóknir Guðrúnar Ragnarsdóttur, lýðheilsufræðings og framhaldsskólakennara, á áhrifum efnahagskreppu á starfsumhverfi nemenda og kennara í framhaldsskólunum sýna að niðurskurður undanfarinna ára hefur haft veruleg áhrif. Rannsóknin leiðir í ljós samdrátt í launum kennara en á sama tíma hefur nemendum fjölgað og fjöldi kennara nánast staðið í stað. Námshópar hafa stækkað og kennarar hafa minni tíma til að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu. Stór hluti kennara finnur fyrir streitu og álagi í starfi vegna aðgerða í skólunum sem tengjast kreppunni. Grunnþjónusta við nemendur hefur verið skorin niður sem birtist m.a. í minni stuðningi við þá, fábreyttara námsframboði og kennsluháttum, færri kennslustundum í áföngum og fjölmennari námshópum. Minni þjónusta bitnar einkum á nemendum sem standa höllum fæti í námi og hafa minna fjárhagslegt svigrúm. Allt eru þetta áhættuþættir í brotthvarfi frá námi.

> Minni þjónusta bitnar einkum á nemendum sem standa höllum fæti í námi og hafa minna fjárhagslegt svigrúm.

Enn er ótalið að ein niðurskurðartillagan í fjárlagalagafrumvarpinu birtist í því að kippt verði úr skólunum fjármunum til lögbundins sjálfsmats. Um þá fjármuni er fjallað í kjarasamningum. Því er um að ræða atlögu að kjarasamningum framhaldsskólakennara og brot á stöðugleikasáttmálanum þar sem segir – að ekki verði gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsaðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á. Kjarasamningar framhaldsskólans renna út í nóvemberlok eins og samningar mikils fjölda launafólks. Ljóst er að áform um að seilast inn í kjarasamninga og forsendur þeirra munu hafa slæm áhrif á samningsgerð milli kennarasamtakanna og ríkisins.

Framhaldsskólarnir eru hluti af velferðarstofnunum samfélagsins. Vegna niðurskurðarins undanfarin ár eru skólarnir komnir hættulega nærri hengiflugi. Gangi sá niðurskurður eftir sem boðaður er í fjárlagafrumvarpi næsta árs mun það hafa í för með sér mikið samfélagslegt tjón.

Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina!

Borgun býður vandaða posa til leigu á hagstæðum kjörum. Hægt er að leigja posa í skemmri tíma, t.d. helgar- og mánaðarleigu.

- Einfaldir í notkun og uppsetningu
- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu er ókeypis
- Seljendur á landsbyggðinni fá posa senda uppsetta endurgjaldslaust

Pantaðu posa á borgun.is eða leitaðu frekari upplýsinga í síma 560 1600.




BORGUN
Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is
VISA VISA DISCOVER




# Siðlaus samningur ríkis og kirkju

Þjóðkirkjan

Hjörtur Magni Jóhannsson
prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar við Tjörnina



Þjóðkirkjan er ríkisstofnun í alvarlegri tilvistarkreppu og sjálfsafneitun. Þúsundir Íslendinga hafa orðið fráhverfir öllum trúmálum og skrá sig utan trúfélaga. Um 60.000 Íslendinga hafa nú kosið að standa utan þjóðkirkju en eru samt sem áður látnir greiða til hennar með sínum sköttum. Á hverju ári greiðir íslenska ríkið heilu milljarðana til stofnunarinnar en hún vill ekki fyrir nokkra muni viðurkenna tengsl sín við ríkið og í því felst hennar tilvistarkreppa.

### Kaþólskari en páfinn

Það sem gerir þjóðkirkjustofnunina svo sérsaka er að starfsmenn hennar telja sig hina einu og sér-útvöldu erfingja Krists og alls kirkjusögulegs arfs allra annarra landsmanna í þúsund ár. Slík kröfugerð er ekki beint hógvær. Né heldur kristileg, siðleg eða lútersk. En þjóðkirkjustofnunin setur ekki slíka smámuni fyrir sig. Né heldur það að milljarðaarfurinn myndaðist í tíð annars trúfélags. Kirkjujarðirnar þ.e.a.s. arfurinn myndaðist í tíð kaþólskrar kirkju þegar trúarnauðung ríkti á landinu og því er arfurinn í raun allra landsmanna jafnt þeirra sem í dag standa utan trúfélaga sem innan. Í dag gerir kaþólska kirkjan ekki tilkall til arfsins og því er þjóðkirkjustofnunin hér orðin kaþólskari en páfinn í sínum kirkjuskilningi. Það sem máli skiptir fyrir biskupsstofu var að stofnunin náði milljarða samningi við ríkið um þessi mál, fyrir um 13 árum þegar allt átti að einkavæða.

Samningurinn var mörg ár í undirbúningi milli ráðuneytisins og biskupsstofu. Þar var hvíslast á til að íslenskur almenningur flækti ekki málið og látið var sem önnur kristin trúfélög sem nú telja tugi þúsunda meðlima, væru ekki til. Samningurinn er í anda miðalda þar sem trúfrelsi þekktist ekki. Hann er byggður á kaþólskum kirkjuskilningi þar sem „kirkjan“ er skilgreind sem stofnun og „arfur kristninnar“ er skilgreindur sem eign stofnunarinnar. Þjóðkirkjustofnunin lúterska virðist hafa tileinkað sér alla þá drottnunarhyggju og stofnunarvæðingu miðaldakirkjunnar sem hún var upphaflega kölluð til að mótmæla og siðbæta.

### Stofnunarhagsmunir

Tilgangur samningsins var ekki sá að viðhalda kristnum sið eða trúarlífi. Tilgangurinn var tryggja ákveðinni embættismannastofnun og starfsmönnum hennar áframhaldandi forréttindi um ókomin ár. Viðhald ríkisstofnana og forréttinda embættismanna er eitt en kristni og hin almenna kirkja er allt annað og þetta tvennt hefur aldrei farið saman í sögu kristninnar.

> Viðhald ríkisstofnana og forréttinda embættismanna er eitt en kristni og hin almenna kirkja er allt annað og þetta tvennt hefur aldrei farið saman í sögu kristninnar.

Nú þegar þjóðkirkjustofnunin er sjálf búin að koma sér í öngstræti þá kemur rétta stofnunareðlið fram. Hvort sem það eru kynferðisafbrotin, þöggunin, yfirhylmingar eða forréttinda aðgengi stofnunarinnar að íslenskum uppeldis- og menntastofnunum, allt hefur það með stofnunar- og sérhagsmunavörslu að gera. Þjóðkirkjustofnunin gerir ekki greinarmun á sjálfri sér og sjálfum Jesú Kristi frekar en kaþólska miðaldastofnunin gerði. Það er dapurlegt að horfa upp á það þessa dagana hvernig gengið er freklega á trúverðugleika Krists og kristni í þeim eina tilgangi að verja löngu úrelta stofnunarumgjörð og embættishagsmuni.

### Hæðst að trúfélagafrelsi

Starfsmenn stofnunarinnar segja að fyllilega sé nú greint á milli ríkis og kirkju! Jú – hér hefur milljarðafé verið fært á milli stofnana, frá ráðuneyti upp á Biskupsstofu, skilgreiningum hagrætt og auglýsingaskiltum breytt eins og hjá bönkunum. En sá veruleiki sem blasir við er nákvæmlega sá sami og áður. Sérhvert ár fær eitt „sértrúarfélag ríkisins“ heilu milljarðana af almannafé, sturtað í sína sjóði. Mismununin sem í þessu felst setur allt tal um trúfélagafrelsi á svið fáránleikans.

Eflaust er það innan við 1% þess fjölda sem tilheyrir þjóðkirkjunni, að nafninu til, sem hefur meðvitað skráð sig þar inn. Flest allir hafa verið settir inn í þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Almennt er það skírn eða persónuleg trúarafstaða sem gerir menn að meðlimum trúarsamfélaga en það á ekki við um þjóðkirkjuna.

Kannanir hafa sýnt að einungis lítill hluti fólks taki undir trúarlegar kenningar stofnunarinnar. Undanfarin ár hefur miðstýring aukist til muna. Ákvörðunartaka og vald hefur verið fært frá söfnuðunum sem eiga að vera sjálfráða grunneiningar kirkjunnar samkvæmt Lúter.

Kristnihátíðin árið 2000 staðfesti að þjóðkirkjan er tímaskekkja. Það milljarða klúður mátti lengi ekki ræða á opinberum vettvangi. Upphaflega átti kristnihátíðið að vera hátíð kristni á Íslandi en þjóðkirkjan breytti henni í sína eigin hátíð og algert hrun varð í þátttöku þjóðar þrátt fyrir einstaklega jákvæð ytri skilyrði, bæði Guðs og manna.

Allt tal biskupsstofu um að þjóðkirkjustofnunin hafi skyldum að gegna umfram önnur trúfélög er ómerkilegur tilbúningur. Allstaðar í hinum kristna heimi þrífst kristni best án afskipta ríkiskirkna.

# Hverju svara ráðherrarnir?

Heilbrigðismál

Sigurður Ingi Jóhannsson
alþingismaður



Niðurskurðarhugmyndir ríkisstjórnar VG og Samfylkingar á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hafa magnað upp mikla reiði íbúa á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að þensla síðasta áratugar hafi farið meira og minna framhjá flestum svæðum landsins (kannski sem betur fer) þá sitja allir landsmenn uppi með kreppuna og afleiðingar hennar. Íbúar landsbyggðarinnar eru eins og aðrir tilbúnir til að bera sameiginlegar byrðar af samdrætti, skattahækkunum, launaskerðingum og niðurskurði í opinberum rekstri. En íbúar landsbyggðar sætta sig ekki við að fórnað sé grunnþjónustu við íbúa á heilbrigðissviði. Þar er höggvið of nærri öryggi fjölskyldunnar, barna og aldraðra. Það gilda heldur ekki jafnræðissjónarmið í niðurskurðartillögum fjármála- og heilbrigðisráðherra. Misrétti þegnanna blasir við hvort sem talað er um fjarlægðir, samgöngur eða kostnað.

### Gríðarleg mótmæli

Um allt land hefur fólk mótmælt. Haldnir hafa verið afar velsóttir íbúafundir, undirskriftalistar hafa gengið manna á milli í einstökum héruðum sem margir hafa skrifað undir til að mótmæla aðförinni að heilbrigðisstofnun heimahéraðs. Á Suðurlandi skrifuðu þannig allt að tíu þúsund manns af 19 þúsund kosningabærra manna á svæðinu og mótmæltu þannig fyrirhuguðum niðurskurði. Á fimmtudaginn komu hundruð manna frá Suðurlandi og víðar af landinu saman á Austurvelli til svokallaðrar meðmælastöðu til að sýna hug sinn í verki. Annars vegar til að fylgja eftir afhendingu undirskriftalista tugþúsunda íbúa af öllu landinu og hinsvegar til að sýna samstöðu með því frábæra heilbrigðiskerfi sem við eigum og viljum eiga áfram. Skilaboðin eru skýr – íbúar landsbyggðarinnar vilja að allir landsmenn njóti grunnheilbrigðisþjónustu óháð efnahag eða búsetu. Undir þetta hafa langflestir þingmenn tekið. Þingmenn úr öllum flokkum og jafnvel ráðherrar.

### Ákall íbúa – aflýsið hættuástandi

Viðbrögð fjármálaráðherra og að hluta til heilbrigðisráðherra hafa hinsvegar valdið vonbrigðum. Þeir hafa hingað til komið sér hjá því að svara ákalli íbúa landsbyggðar. Svör þeirra eru óskýr, í besta falli verið loðmulla um að málin verði skoðuð að nýju en óvissu íbúa og starfsfólks hefur ekki verið eytt.

Krafan er einföld, lýsið því yfir að stefnan um að leggja af sjúkrahús landsbyggðar hafi verið röng og frá henni hafi verið fallið. Í kjölfarið er sjálfsagt að setja á fót samráðshóp til að fara yfir með hvaða hætti við náum enn betri árangri í heilbrigðisþjónustunni á sem hagkvæmastan hátt. Að því borði þarf að kalla fagfólk heilbrigðisþjónustunnar hvarvetna af landinu sem og fulltrúa íbúa. Grunnþarfir íbúa á hverju svæði þarf að skilgreina og kostnað þjónustunnar á hverjum stað áður en til sértæks niðurskurðar kemur.

> íbúar landsbyggðar sætta sig ekki við að fórnað sé grunnþjónustu við íbúa á heilbrigðissviði

### Hvernig er þetta hægt

Til að skapa fjárhagslegt svigrúm fyrir þessari skynsömu leið í stað leiðar ríkisstjórnar VG og Samfylkingar þarf að gera þrennt. Í fyrsta lagi virðist þurfa (þar sem AGS ræður för ríkisstjórnar) að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um vægari niðurskurð við endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Í öðru lagi ættum við að skattleggja strax séreignasparnaðinn og nota hluta hans til að fara skynsamlegri leið í niðurskurði útgjalda til heilbrigðismála. Í þriðja lagi þurfum við að spýta vel í lófana í atvinnumálum. Þar eru næg tækifæri sem munu á undraskjótum tíma auka hagvöxt og skila þannig fleiri krónum í ríkiskassann.

Það er leið skynseminnar – án öfga vinstri eða hægri.



**Thorvaldsenskonur** hafa styrkt göngudeild Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans um hálfa milljón króna til að innrétta og útbúa leikmeðferðarherbergi BUGL.








**Aðalheiður Rósa Harðardóttir sópaði til sín verðlaunum á karatemótinu Stockholms Open.**

# Gef ekkert eftir



Aðalheiður sýnir Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara nokkur brögð. FRÉTTABLAIÐ/GVA

Þetta kom mér virkilega á óvart, ég er bara enn þá í sæluvímu," segir Aðalheiður Rósa Harðardóttir, sautján ára stúlka af Akranesi, sem vann á dögunum til fernra verðlauna á Stockholms Open í karate.

Alls tóku 650 keppendur frá tólf löndum þátt í mótinu og átti Ísland 35 fulltrúa. Aðalheiður vann gull fyrir einstaklingskata og hópkata í yngri flokki og silfur í hópkata og brons í einstaklingskata í fullorðinsflokki. Hún segir þennan góða árangur hafa komið sér í opna skjöldu.

„Mér hefur áður gengið vel á mótum en aldrei náð svona langt," viðurkennir Aðalheiður, sem hefur æft með Karatefélagi Akraness í átta ár, og vill þakka þjálfara sínum Einari Hagen, Ásmundi Ísaki Jónssyni landsliðsþjálfara og Helga Jóhannessyni, þjálfara Breiðabliks, fyrir veittan stuðning.

Árangurinn í Svíþjóð segir Aðalheiður vera sér hvatning til að leggja enn harðar að sér. „Ég held bara áfram og gef ekkert eftir," segir hún ákveðin en á döfinni eru meðal annars annað mót í Svíþjóð og Norðurlandameistaramótið í Tampere í Finnlandi í apríl. Spennandi verður að sjá hvernig þessari ungu og efnilegu karatekonu mun vegna þar.

*roald@frettabladid.is*
















**NN Cosmetics** er ný förðunarlína byggð á hinu þekkta vörumerki No Name Cosmetics. Kristín Stefánsdóttir, snyrti- og förðunarmeistari, hannaði línuna sem verður meðal annars til sölu í Baðhúsinu. Kristín verður með reglulegar kynningar á línunni þar. www.badhusid.is








Mikilvægt að reyna að koma sér í kjörþyngd fyrir meðgönguna, segir Ólöf Jóna Elíasdóttir, sem sjálf er nýorðin móðir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikilvægt að vera í kjörþyngd á meðgöngu

**Niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til að offita auki líkur á meðgöngukvillum, vandkvæðum í fæðingu og keisaraskurði. Ekki er marktækur munur á meðgöngukvillum kvenna í kjörþyngd og ofþyngd.**

Konur sem eru of feitar eiga fremur á hættu að fá meðgöngueitrun, meðgöngusykursýki, háþrýsting og grindarverki á meðgöngunni. Einnig er algengara að beita þurfi inngripum í fæðinguna hjá þessum konum, setja fæðingu af stað eða taka barnið með keisaraskurði.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem þau Ólöf Jóna Elíasdóttir, deildarlæknir á LSH, Hildur Harðardóttir, kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir, og Þórður Þorkelsson barnalæknir gerðu á áhrifum þyngdar verðandi mæðra á meðgöngu, fæðingu og nýbura. Niðurstöðurnar eru birtar í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

Mæðrunum tilvonandi, sex hundruð að tölu, var skipt niður í þrjá hópa: þær sem voru í kjörþyngd, með BMI frá 19 til 24,9, þær sem voru í ofþyngd, með BMI á bilinu 25 til 30 og svo þær sem voru of feitar, með BMI yfir 30. „Niðurstöðurnar komu ekki á óvart,“ segir Ólöf Jóna „nema að því leyti að það var ekki marktækur munur á þeim sem voru í ofþyngd og kjörþyngd. Fyrirfram áttum við von á því að allar sem væru yfir kjörþyngd mundu koma svipað út. Það er engu að síður mikilvægt að leggja áherslu á þessar niðurstöður þar sem unga fólkið er almennt að fitna og þegar fólk fer að huga að barneignum er mikilvægt að huga að þyngdinni og reyna að koma sér í kjörþyngd fyrir meðgönguna.“

En hvað með nýburana, var munur á þeim eftir þyngd mæðranna? „Börn mæðra í offituhópnum voru bæði stærri og með stærra höfuðmál,“ segir Ólöf. „Ef höfuðið er mjög stórt getur það leitt til þess að gera þurfi keisaraskurð. Nýburar kvenna í offituhópnum þurftu einnig oftar eftirlit og innlögn á nýburagjörgæslu eftir fæðinguna. En þessi rannsókn var ekki alveg nógu stór til þess að fá fram þessa sjaldgæfu fylgikvilla hjá börnunum, eins og andvana fæðingar og fæðingargalla, sem erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að geta tengst offitu mæðranna.“

Ólöf Jóna er sjálf heima í fæðingarorlofi og hlær góðlátlega þegar hún er spurð hvort hún sé ekki örugglega í kjörþyngd. „Jú, jú, einmitt, ég er það. Enda er það eins gott.“

fridrikab@frettabladid.is









# tíska og lífsstíll

ÞRIÐJUDAGUR 16. NÓVEMBER 2010




NORDICPHOTOS/GETTY

**● EINFÖLD VIÐARHÚSGÖGN ANOTHER COUNTRY** Another Country hannar og framleiðir húsgögn á litlu verkstæði í Dorset í Englandi. Fyrsta húsgagnalína Another Country, Series one, var kynnt nú í haust og er innblásturinn sóttur til breskra sveitaheimila, kvekara og til skandinavískrar og japanskrar hefðar í notkun viðar í húsgagnahönnun. Series one samanstendur af borðum, bekkjum og þrífættum kollum, úr gegnheilli vaxborinni eik. Formin eru einföld og engar skrúfur eða festingar sjáanlegar.

Hönnun Another Country hefur hlotið talsverða athygli og hefur til að mynda ratað inn á síður hönnunar- og lífsstílstímarita svo sem nóvembertölublaðs Wallpaper, Veftímaritsins DeZeen og Bo bedre svo einhver séu nefnd. Sjá nánar á www.anothercountry.com þar sem einnig er hægt að panta húsgögnin til kaups.



**Beddi sem nýtist vel sem sæti undir nokkra gesti, eða sem gestarúm. Dýnan hvílir laus ofan á og með því að kippa henni af er beddinn orðinn að sófaborði.**

MYND/ANOTHER COUNTRY

**● SKORPAN HOLL** Skorpa sem myndast á brauði við bakstur er býsna merkilegt fyrirbæri. Fyrir utan að verja brauðið skemmdum að einhverju leyti inniheldur skorpan ýmis efni sem eru líkamanum holl. Vísindamenn telja að við bakstur myndist efni (pronyl-lísín) í skorpunni sem hafi áhrif á mikilvæg ensím í líkamanum. Þau ensím hafa aftur jákvæð áhrif á varnir líkamans. Gildir þar einu hvort ger er notað í baksturinn eða ekki. Meira finnst af efninu í brauði sem er úr dökku korni en ljósu.

Baksturinn á brauðinu skiptir máli. Þykk skorpa inniheldur meira af pronyl-lísíni en þunn en ef hún er ofbökuð og liggur við bruna minnkar vægi þess í skorpunni.




# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


**Steldu stílnum:** *Johnny Depp*

# Sérstæður stíll Depp

John Christopher Depp, betur þekktur sem Johnny Depp, er margt til lista lagt. Auk þess að vera mikils metinn leikari er hann í hljómsveit, framleiðir sitt eigið vín og á hlut í veitingastað. Johnny Depp er einnig sá karlmaður sem mörgum þykir klæða sig hvað best, enda hefur Johnny sérstæðan fatastíl sem heillar bæði karlmenn og konur. Fréttablaðið leit við í Kringlunni og stal stíl Johnny Depp.

-jbá



**Johnny Depp fer ekki alltaf hefðbundnar leiðir í fatavali.**





**Það geta allir verið svalir með flottan hatt. Þessi er úr Spútnik og kostar 6.900 krónur.**



**Gæjalegar gallabuxur frá Levi's Kringlunni, 14.990 krónur.**



**Gallaskyrtur hafa verið vinsælar síðustu misserin. Þessi fæst í Marc O-Polo í Kringlunni og kostar 14.900 krónur.**



**Svalir leðurskór á 49.990 krónur. Þessir fást í Kultur menn og eru úr ekta leðri og að mestu handgerðir.**



**Klútur fyrir bæði konur og karla frá Marc O'Polo á 2.900 krónur.**



**Depp gengur með Oliver People gleraugu en þau fást í versluninni Auganu. Þessi eru á 44.700 krónur.**



**Flottur jakki úr ekta leðri. Frá Kultur menn í Kringlunni. 82.990 krónur.**

**● SKAPARAR TÍSKUNNAR ÚTLISTAÐIR** Biblía tískunnar, Women's Wear Daily, gaf nýverið út bók yfir helstu tískustrauma og hönnuði frá upphafi. Bókin tekur fyrir hin ýmsu tískufyrirbrigði sem hafa mótað tískuna og má þar til dæmis nefna kvenréttindakonurnar, viðskiptakonur í jakkafötum og mínipils. Bókin útlistar jafnframt þá hönnuði sem mótað hafa tískuna með hönnun sinni og skiptir litlu hvort áhrifin voru góð eða slæm, þau hafi haft mikið að segja um mótun tískunnar í heild sinni. Meðal þeirra sem sköpuðu nýja tísku er Coco Chanel, en áhrif hennar ná langt út fyrir tísku og hönnun og hafa mótað ákveðin lífsstíl.



**Gabrielle Bonheur „Coco" Chanel skapaði ákveðinn lífsstíl með hönnun sinni.**

# Stjörnurnar velja Erdem

Hönnun tískuhönnuðarins Erdem Moralioglu hefur slegið í gegn hjá stjörnunum beggja vegna Atlantshafsins. Erdem er þekktur fyrir blómamunstur og kjóla úr silkiefnum og blúndu. Vakið hefur athygli að leikkonur hafa valið slíka kjóla fram yfir íburðarmikla ballkjóla á rauða dreglinum.



Lea Michele úr þáttunum Glee er hrifin af Erdem.



Emily Mortimer og Lea Michele eru hrifnar af Erdem.



Leikkonan Michelle Williams í rauðum blúndukjól.



Tískuritstjórinn Anna Wintour hefur lagt blessun sína yfir hönnun Erdem.

Leikkonan Anne Hathaway glæsileg að vanda.

Keira Knightley er þekkt fyrir góðan smekk.

SENDINGIN FRÁ
**NERO GIARDINI** ER KOMIN!



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5, Sími 581 2141, www.hjahrafnhildi.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!



# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

**Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.**

**Meiri Vísir.** VISIR.IS



**● EMMA WATSON MEÐ NÝJA TÍSKULÍNU** Leikkonan Emma Watson, sem þekktust er úr Harry Potter myndunum, lætur ekki deigan síga, þó Potterævintýrið sé á enda. Hún sækir nám við Brown-háskóla og setti á markað síðastliðið vor tískulínu undir merkjum People Tree. Hún stefnir nú á aðra tískulínu þar sem fötin verða öll búin til úr umhverfisvænum efnum og á umhverfisvænan máta. Félagi hennar að þessu sinni er engin önnur en ítalska tískudrottningin Alberta Ferretti. Þær sækja innblástur frá leikkonunni og söngkonunni Jane Birkin.

Nafn tískulínunnar hefur ekki verið gert opinbert. Línan mun verða í klassískum stíl en fyrstu flíkurnar verða kynntar til leiks skömmu eftir jólin.

# Ný kírópraktstofa

Kírópraktstofa Íslands var opnuð í byrjun þessa mánaðar í Sporthúsinu í Kópavogi. Þar ræður Magni Bernhardsson kírópraktor húsum en hann er eini kírópraktorinn á landinu sem notar digital-röntgentæki. Öll greiningarvinna með nýju tækjunum fer fram á tölvuskjá fyrir framan viðskiptavininn sem fær strax greiningu á sínum vanda eftir um það bil klukkustund. Í fyrsta tímanum er tekið ítarlegt viðtal, hreyfi-og stöðugreining er gerð, mynd tekin og hnykkt í lokin ef þess er þörf. Fólk fær líka góð ráð til að geta hjálpað sér sjálft.

Magni starfaði í tólf ár sem einkaþjálfari áður en hann flutti til Bandaríkjanna til að nema kírópraktík og er nú kominn með doktorsgráðu eftir sex ára háskólanám. Hann er sérhæfður í íþróttameiðslum, þar á meðal golfmeiðslum.

*- gun*



**Magni er fyrsti og eini kírópraktorinn á landinu sem notar digital-röntgentæki.**



**Það er ekki á allra færi aðvera í brjóstahaldara eins og þessum.**

## Minna er meira?

Árleg tískusýning undirfatafyrirtækisins Victoria's Secret var haldin með pompi og prakt á dögunum. Mikið var lagt í sýninguna, þrátt fyrir að þemað hafi verið „minna er meira". Margar af þekktustu fyrirsætum heims tóku þátt í sýningunni, þar á meðal Adriana Lima sem skartaði hvorki meira né minna en 2 milljóna dollara brjóstahaldara, gerðum úr 60 karata demöntum og 82 karata safírum og tópassteinum. Það er spurning hvort „minna er meira" hafi átt við í þessu tilfelli og getur hver dæmt fyrir sig, en sýningin verður sýnd á sjónvarpstöðinni CBS í lok þessa mánaðar.

## Fallegir og frískir litir

Nýjasta lína Ninu Ricci, eftir hönnuðinn Peter Copping, gaf til kynna stelpulegt og frísklegt sumar á næsta ári. Frískur og léttur kvenleiki var í hávegum hafður með fallegum blúndum, satíni og siffoni í fallegum bláum, bleikum og gulum lit sem minntu um margt á málverk eftir Monet.

Copping blandaði saman hinu praktíska og því skemmtilega í hönnun sinni og setti upp mynd af hinni vinnandi konu sem ávallt er tilbúin í hvað sem er, hvort sem það er viðskiptafundur eða að ganga úti á fallegum sumardegi. Nýjasta lína Ninu Ricci er eitthvað til að hlakka til fyrir næsta sumar.



**Sumarið 2011 er praktískt en skemmtilegt hjá Ninu Ricci.**

basic

Tískuverslun fyrir dömur & herra

Opnum nýja verslun
í Háholti Mosfellsbæ
(hjá Krónunni)



GÓÐAR STÆRÐIR

basic

Tískuverslun fyrir dömur & herra

Háholti - Mosfellsbæ

**Opnunartími:** Mán. - föstud. kl. 11.00 - 18.30 - Laugard. kl. 13.00 - 18.00 - Sunnud. kl. 11.00 - 16.00

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

KRÓKUR BÍLAUPPBOÐ
www.bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is sími 522-4610

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**http://bilauppbod.krokur.net**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



ARCTIC CAT F 1000. Árg. 2007, ekinn 2 þ.km, Tvígengis, Verð 1.100. þús. Skipti á bíl mögulegt. Rnr.129343 Óskum eftir fleiri sleðum á skrá og á staðinn.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan



**SÖLULAUN FRÁ AÐEINS 17.500KR**
VILTU SELJA BÍLINN ÞINN FYRIR LÍTIL SÖLULAUN FYRIR AÐEINS 17500KR EF BÍLLINN KOSTAR UNDIR 1MILLJÓN Á DÝRARI BÍLUM ERUM VIÐ LÍKA MEÐ BESTA VERÐIÐ ÞÚ ÞARFT AÐEINS AÐ SKRÁ BÍLINN Á BIFREIDASALAN. IS OG SENDA MYNDIR AF BÍLNUM Á BIFREDASALAN@BIFREIDASALAN.IS MIKIL EFTIRSPURN AF BÍLUM UNDIR MILLJÓN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

100bílar.is bílasala



Land Rover Range Rover Supercharged, árg. 2007, ek 81þús.km, sjálfsk, dráttarbeisli, Einn með öllu og litur mjög vel út! Umboðsbíll, Ásett verð 9690þús.kr, er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Opel Astra árg. ,98. Ek. 160 þ. Stgr. v. 300 þ. S. 695 3836 / 557 5323.

Til sölu Renault kangoo árg. ,01. Ek. 125.þ með dráttakúlu. Nýskoðaður. Fæst á 320.þ stgr. Þarfnast smá lagfæringa. Uppl. í s. 860 3747.

## 0-250 þús.



**Tilboð 175 þús.**
Daihatsu Chared 1500, sjálfskiptur. Árg. ,98. Ek. 100 þ. Sk. ,11. S. 891 9847.



**!!! Sjálfskiptur !!!**
Hyundai Accent árg ,97, sjálfskiptur, 4 dyra, ekinn aðeins 135 þús , bíllinn er ný skoðaður og í fínu standi, eyðir mjög litlu og góður í snattið, Tilboðsverð aðeins 250þús, uppl í s:659-9696



**TILBOÐ 190 ÞÚS!**
Kia clarus 2.0 árg.'99 ek. 125 þús. skoðaður 2011, beinskiptur ásett verð 390 þús. TILBOÐ 190 ÞÚS! S.841 8955.

## 250-499 þús.



**Tilboð 250þús**
Lancer 4X4 1600 station, sk. 2011 ný kúpling, ný tímareim. ek. 225þús. Verð 250þús. Uppl. s. 659 3459.



**TILBOÐ TILBOÐ!!!**
Mitsubishi Carisma 1600 Sport árg.'00 ek.140 þús. sjálfskiptur, skoðaður 2011, góður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 580 þús. TILBOÐ 420 ÞÚS. S.841 8955.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar, svona ca. 20-200 þús. sími 896 6744.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má vanta smá lagfæringar. Sími 857 9326.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374 .

Óska eftir vel með förnum, vel dekkjuðum bíl í góðu ásigkomulagi, sparneytin og má ekki kosta meira en 250 þús. fyrir unga stúlku sem var að fá bílpróf. Svör sendist Fréttablaðinu merkt „Guðný Rós".

## Jeppar



FORD EXPEDITION EDDIE BAUER ,98 Einn með öllum lúxus.Verð 1.190 þús. skipti skoðuð, s. 615-2500

## Pallbílar



Ford F350 árg ,03. Ek. 61 Þ.km. Tvöf. aftan. Sérsmíðaður galv. pallur. 270x235cm. Mjög góður bíll! Verð 2,5 millj. Uppl. í s. 864 3000.

## Mótorhjól

MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

## Fjórhjól



Til sölu Polaris Sportsman 450. Árg. 2006. Torfæruskráð. Ekið aðeins 1180 km. Hefur fengið topp viðhald, dráttarkúla, vindhlíf á stýri. Hátt og lágt drif 4x4. Verð 790.000.- Kerra getur fylgt fyrir 50.000. Uppl. í 617 5460.

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
**Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.659 159 eða 664 6440 kriacycles.com

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is



Til leigu skotbómu lyftur/lyftarar 15.5 og 22m ,12m. Góð verð s: 660 1704.



Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig furukafa fleygur, 2.3 tonn og ca. 12-15 ára gamlir og montabert 501, ca. 1 tonn. S. 892 5309.

## Bílaþjónusta



**Flutningar, partý, hóp**
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

**Öll almenn bílaþjónusta**
Umfelgun og dekkjasala 1250kr. per dekk, get umfelgað á kvöldin og um helgar ekkert aukagjald. Er einnig með almenna viðgeraþjónustu, járnsmíði og bílavörur til sölu. Uppl. s. 853 3340.

## Hjólbarðar

Dekk og felgur í ýmsa bíla. Upplýsingar í síma 896 8568.

4 Nelgd Jeppadekk til sölu , stærð 235-75 R15. Nánast óslitin. Uppl. í s. 841 1495.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur í ýmsa bíla. S. 896 8568.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

## ÞJÓNUSTA

## Sendibílaþjónusta

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja

**Tvö Kehf**
*Verklausnir*
- Hellulagnir
- Snjóbræðslukerfi
- Jarðvegsskipti
- Vegghleðslur
- Snjómokstur
- Öll almenn jarðvinna

Upplýsingar gefur Pétur í síma 699 3090.




Framleiðum gróðurhús úr járni og tré, frá 0.5fm og uppúr, allt eftir þínum óskum S: 892 5495 G&G.

## Málarar



**Málningaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og húsfélög.**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 3374.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Þjónusta

**Lucars**
**DEKKJASKIPTI FRÁ 5000KR**
Ef þú kaupir ný dekk – þá færðu skiptin FRÍTT
Við bjóðum upp á allsherjar þjónustu fyrir bíllinn þinn.
**Lucars – Strandgata 90 – hafnarfjörður**
**773 6798 og 774 2424**

## Húsaviðhald







**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar

Símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

**Símaspá 859 9119**
**Tarot, Draumar, bein miðlun.**

**Eru ástar eða fjármálin í ólagi?**

**Laufey miðill. Löng reynsla. Opið frá kl. 20.00 - 24.00 visa/euro.**

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Smiður. Get bætt við mig allrahanda smíðavinnu. Viðhald, parket, innréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
Góður og fallegur fatnaður. Verið velkomin, opið í dag frá 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystiskápur, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, video, fartölva, bílavarahlutir, dekk. S : 896 8568.

**Rúllugardínur**
Gular, rauðar, grænar og bláar gerðar af meistarahöndum í 55 ár. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12. s. 567 1086.

Til sölu blikkljós ofaná vinnuflokkabíl. Uppl. í s. 898 4202.

## Til sölu

**OSEA Öryggiskerfi**



Öryggiskerfin frá OSEA eru þægileg og henta örugglega vel fyrir þig. Margar gerðir af skynjurum.

**Tilboðsverð kr. 45.174**
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar

Hugna.is
Dalvegur 16b s: 554-2727




Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSKSími: ~~5520110 www.pon.is~~

## Verslun






FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!!
FRÁBÆR VERÐ,str: 36-56.
Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Whole bode massage 841 8529.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 6 borðstofustólar, Finn frá Ligne Roset, litur kirsuber, rautt áklæði - verð kr. 75.000. Upplýsingar í síma 893 9893.

## Dýrahald

**Labradorhvolpar**
Hrfí. draumheimaræktun ótrúlega fallegir og blíðir, tilbúnir til afhendingar. Sími 695 9597/482 4010.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður




Heimsins bestu kuldastígvél Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Byssur




Erum einnig með fjarstýrðar innanhús þyrlur. Sími 897-7547 Dugguvogur 17-19

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir




## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Víkuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. S. 892 5309.

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

Til leigu 3 herbergja rúmgóð íbúð með frábæru útsýni og mikilli lofthæð við sjávarsíðuna hjá Korpúlfsstöðum á 130 þús á mánuði. Upplýsingar í síma: 824 1258.

Til leigu lítil falleg 3herb íbúðí tvíbíli í rólegu hverfi í hafnarfirði (norðurbæ). Hentar einstaklega vel fyrir fjölskyldufólk. Aðeins traust og reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. s: 899-6699.

## Húsnæði til sölu



Til sölu tvö samliggjandi endabil í geymsluhúsnæði að Móhellu 4 í Hafnarfirði, 26,3 m2 hvort. VSK kvöð. Afgirt og vaktað svæði. Verð kr. 7.800.000 - Ekkert áhvílandi. Sími 588 7050.

## Sumarbústaðir

Sumarhús til leigu í Húsafelli - Helgarleiga. Laus. Uppl. í S. 895 2490.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210fm atvinnuhúsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi. Uppl. s. 863 7792.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**Rizzo Grensásvegi 10**
**We want to hire good person for dishwashing and cleaning at our restaurant.**
**Those who are interested can come by and fill out a form or call 898 9979 Sigfús**

**VANTAR HÓTELSTJÓRA!**

**Gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu leitar að hótelstjóra sem getur séð um markaðsmál, daglegan rekstur og séð um heimasíðu. Leitum að ferðamálafræðing, eða manneskju með mikla reynslu í ferðaþjónustu. Umsóknir sendist á nordicstay@gmail.com**

Vantar þig aukavinnu eða aðalvinnu. Okkur vantar fólk á norðurlandi til markaðs og sölustarfa. Uppl. í s. 894 0339.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Hæ strákar hringið í okkur.**
**Opið þegar ykkur langar.**

**Spennandi vídeó íslenskra kvenna óskast**
Samskiptavefurinn PurpleRabbit.eu vill kaupa spennandi myndskeið huggulegra íslenzkra kvenna til birtingar á vef sínum. Allar nánari upplýsingar á PurpleRabbit.eu.

Flottasta myndin - samkeppni Ljósmyndasamkeppni hefur hafist á kanínunni og eru verðlaun á bilinu kr. 50.000 - 200.000 í boði fyrir stigahæstu ljósmyndina í hverjum flokk. Þátttaka í keppninni er ókeypis en skoðun mynda í keppnisalbúmum + einkunnagjöf er bundin áskrift. PurpleRabbit.eu.

Ókeypis einkaspjall Einkaspjallið er frítt hjá öllum notendum kanínunnar. Textaspjall + „full screen" vídeóspjall m/hljóði (hugbúnaður frá Flashcoms.com). Samskiptin eru heit á PurpleRabbit.eu.

Ný upptaka! Falleg kona og mjög örvuð, nýsnyrt og nýkomin úr baði, leikur sér af mikilli nautn. Hámarkið er magnað. Þú heyrir þessa nýjustu upptöku og ríflega 500 aðrar hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8862.

Konur í ævintýraleit! Rauða Torgið Stefnumót kemur þér í samband við rétta karlmanninn. Þú auglýsir frítt í s. 555-4321 og auglýsingin birtist samstundis.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8780.

56 ára karlmaður vill kynnast karlmanni, 20-40 ára. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8934.


**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is








### Atvinna

**the PIER**

**The Pier leitar að kröftugum, vönum lagermanni og Starfsmanni í verslun.**

Lagermaðurinn þarf að hafa reynslu af lagerstörfum og hafa bíl til umráða.

Starfsmaður í verslun þarf að hafa unnið við eða lært útstillingar. Viðkomandi þarf að vera með mikla þjónustulund og söluhæfni.

Áhugasamir sendi ferilskrá á katrin@pier.is

### Fundir / Mannfagnaður

## Aðalfundur

Aðalfundur Geislabjargar, félags um frelsi frá rafmengun, verður haldinn miðvikudaginn 17. nóvember kl 20.00 á Grand Hótel Sigtúni 38, salur Háteigi B, Reykjavík

Dagskrá :
1. Helstu verkefni vetrarins kynnt.
2. Venjuleg aðalfundarstörf.
3. Önnur mál.

Allir velkomnir
Stjórnin.

### Útboð

## ÚTBOÐ
### Línakur 2 - Leikskóli

**Eftirlit**
Garðabær óskar eftir tilboðum í eftirlit með framkvæmdum við byggingu leikskóla við Línakur 2 í Garðabæ. Leikskólinn verður 4 deilda skóli fyrir 100 börn. Húsið er steinsteypt einnar hæðar bygging, 834 m² að grunnfleti á lóð sem er 4.827 m² að stærð.

Innifalið í verki eftirlitsaðila er gæða-, framvindu- og kostnaðareftirlit með framkvæmdum verktaka við fullnaðarfrágang húss og lóðar, allt frá jarðvinnu til lokafrágangs, þ.m.t. fastar innréttingar og hluti búnaðar bæði í húsi og á lóð. Áætlað er að ljúka framkvæmdum 1. desember 2011.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, að morgni mánudagsins 15. nóvember nk. Tilboðum skal skilað til þjónustuvers Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en kl. 14:00 mánudaginn 29. nóvember 2010. Þar verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing






**Allt sem þú þarft...**


### Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur sem skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2010

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# tímamót

timamot@frettabladid.is

VINIR INDLANDS: HALDA TÍU ÁRA AFMÆLIS- OG STYRKTARTÓNLEIKA Í KVÖLD

## Gaman að breyta heiminum

„Vinir Indlands urðu til fyrir tíu árum þegar lítill hópur fólks, sem átt hafði persónuleg tengsl við Indland, stofnaði félag byggt á hugmyndum húmanista í samstarfi við heimamenn í Tamil Nadu-héraði á Suður-Indlandi,“ segir Sólveig Jónasdóttir, formaður Vina Indlands sem í dag heldur upp á tíu ára afmæli sitt með árvissum styrktartónleikum í Salnum.

„Markmið félagsins er að mennta fátæk börn og munaðarlaus, og á hverju ári njóta nokkur hundruð barna menntunar í gegnum styrki Vina Indlands.“

Nýjasta verkefni félagsins er bygging heimilis fyrir munaðarlausa drengi í Thorapadi, en félagið styrkir einnig stúlknaheimili í Salem.

„Hugmyndin að heimilinu kviknaði eftir Tsunami-flóðbylgjuna 2004, en þá fórum við utan og kynntumst börnum sem orðið höfðu munaðarlaus. Þau voru ýmist inni á fátækum ættingjum eða komin eitthvert á vinnumarkað, án nokkurs möguleika á skólagöngu eða mannsæmandi framtíð. Á heimilunum fá börnin gott húsnæði, fæði, klæði og skólagöngu, en einnig styrkjum við fræðslumiðstöðvar í þorpunum og vonandi getum við einn daginn keypt tölvur,“ segir Sólveig sæl með árangurinn, en á munaðarleysingjahælunum búa nú 24 drengir og 27 stúlkur.

„Um hundrað indversk börn eiga nú íslenska styrktarforeldra en okkur vantar fleiri til að geta fjölgað drengjum inn á heimilið og styrkt nokkra af þeim sem fyrir eru til náms. Að vera styrktarforeldri er skemmtilegt og þakklátt verkefni, sem felur í sér mikil samskipti. Sum barnanna hafa áfram verið styrkt til háskólanáms af íslenskum styrktarforeldrum og einn þeirra, orðinn tölvunarfræðingur, afhenti fyrstu laun sín sjálfboðaliðum á Indlandi og tók að sér tvö indversk börn til að hjálpa sjálfur. Þetta viðhorf er gegnumgangandi: Mér var hjálpað og þá hjálpa ég öðrum,“ segir Sólveig.



**FRAMTÍÐIN BJÖRT** Sólveig í hópi munaðarlausra drengja við framtíðarheimili þeirra í Thorapadi, stuttu áður en heimilið var tekið í notkun í janúar. MYND/KJARTAN JÓNSSON

Í samvinnu við Vini Kenía og Múltí Kúltí senda Vinir Indlands unga íslenska sjálfboðaliða utan þar sem þeir fá að kynnast sjálfboðnu starfi og ólíkri menningu heimamanna.

„Á Indlandi taka þau að sér almenna umönnun og kennslu, og stórkostlegt að sjá þessa krakka koma til baka því meirihlutinn verður virkur í einhvers konar starfi auk þess sem lífsreynslan breytir þeim fyrir lífstíð. Því er gaman að geta breytt heiminum með svo áþreifanlegum hætti í gegnum þetta frábæra unga fólk,“ segir Sólveig.

Afmælis- og styrktartónleikarnir hefjast klukkan 20 í Salnum. Þjóðkunnir listamenn gefa vinnu sína og allur ágóði rennur óskiptur til barnanna á Indlandi. Kópavogsbær greiðir fyrir afnot af Salnum.

thordis@frettabladid.is

### Merkisatburðir

**1624** Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal fýkur í norðanveðri og brotnar eftir að hafa staðið í 230 ár.

**1907** Standmynd af Jónasi Hallgrímssyni afhjúpuð í tilefni aldarafmælis skáldsins.

**1917** Reykjavíkurhöfn formlega tekin í notkun.

**1957** Nonnahús á Akureyri opnað sem minjasafn.

**1959** Söngleikurinn Söngvaseiður er frumsýndur á Broadway.

**1938** Minnisvarði eftir Ríkharð Jónsson afhjúpaður á leiði óþekkta sjómannsins í Fossvogskirkjugarði.

**1987** Leikkonan Lisa Bonet giftist tónlistarmanninum Lenny Kravitz.

**1988** Robin Givens ákærir Mike Tyson vegna ærumeiðinga.

---



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Lára Charlotta Sigvardsdóttir Hammer,**

f. 29.11.1909,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 6. nóvember. Að ósk hinnar látnu fór útförin fram í kyrrþey föstudaginn 12. nóvember. Öllum þeim sem sýndu henni virðingu og hlýhug er þakkað af alhug. Starfsfólki deilda B-2 á Eir færum við hugheilar þakkir fyrir sín einstöku störf og umhyggju í hennar garð síðastliðin ár. Guð blessi ykkur öll.

**Steina Guðrún Guðmundsdóttir**
**Elín Jóhanna Guðmundsdóttir** **Gylfi Jónsson**
**Sigrid Esther Guðmundsdóttir** **Haukur Örn Björnsson**
**Dóra Guðleifsdóttir**
**Rósmary Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, ömmu, systur og mágkonu,*

**Kristbjargar Oddnýjar Ingunnar Sigvaldadóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar, heimahjúkrunar, félagsþjónustunnar og öldrunardeildar Landspítalans í Fossvogi og líknardeildar á Landakoti fyrir alúð við umönnun hennar.

**Sigvaldi Ásgeirsson**
**Halldór Ásgeirsson**
**Margrét Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Gunnar Ásgeirsson**
**Ingunn Rut Sigurðardóttir**
**Rakel Rut Sigurðardóttir**
**Hrefna Sigvaldadóttir**
**Sigrún Sigvaldadóttir** **Kristján Torfason**
**Aðalheiður Sigvaldadóttir** **Gunnar Guðjónsson**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður míns, sonar okkar, bróður og mágs,*

**Jóns Sigurgeirs Sigurþórssonar**

véltæknifræðings,
Álftamýri 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar og líknardeildar Landspítalans, stjórnar og starfsfólks N1.

Sigurþór Jónsson
Sigurþór Jónsson Sigurborg V. Jónsdóttir
Garðar Sigurþórsson
Sigrún Sigurþórsdóttir Reynir Guðmundsson
Sigurþór Sigurþórsson

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Gíslínu Þórarinsdóttur,**

Eyrarvegi 37, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Víðihlíð og heimahlynningu á Akureyri fyrir góða umönnun.

**Helgi Helgason**
**og fjölskyldur.**

---



*Móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Björg Kristjánsdóttir**

frá Hafnarnesi, Fáskrúðsfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 8. nóvember 2010. Útför hennar fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Kristján Gunnlaugsson**
**börn og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hannes Flosason,**

fv. tónlistarskólastjóri og tréskurðarmeistari,
Fannafold 187, Reykjavík,

sem lést þann 6. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 16. nóvember, kl. 13.00.

**Kristjana Pálsdóttir**
**Páll Hannesson** **Sarah Buckley**
**Haukur F. Hannesson** **Jörgen Boman**
**Elín Hannesdóttir**
**Ingibjörg Hannesdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elsku litla dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Rebekka Ýr Guðmundardóttir,**

lést á Barnaspítala Hringsins fimmtudaginn 4. nóvember. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey. Starfsfólki Barnaspítala Hringsins færum við hugheilar þakkir fyrir sín einstöku störf og umhyggju, sem og öllum öðrum er hafa sýnt okkur samhug og stuðning. Við biðjum þá sem vilja minnast Rebekku Ýrar að láta Barnaspítala Hringsins njóta þess.

**Auður Sif Sigurðardóttir** **Guðmundur Már Þorsteinsson**
**Rakel Emma Guðmundardóttir**
**Ólöf Ólafsdóttir** **Grétar Karlsson**
**Áslaug Björt Guðmundardóttir** **Þorvaldur Daníelsson**
**Sigurður Einar Steinsson** **Soffía Gunnlaugsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# HEILL DANSKUR KJÚKLINGUR FROSINN 1,3 KG.

# 598 KR/STK.

**460 KR/KG.** / 18 TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI




**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** vanþóknun, **6.** samþykki, **8.** tré, **9.** írafár, **11.** í röð, **12.** frækorns, **14.** sýna elliglöp, **16.** í röð, **17.** skjön, **18.** til viðbótar, **20.** grískur bókstafur, **21.** sníkjur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þus, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** starf, **7.** áleitinn, **10.** svelgur, **13.** angan, **15.** heimsálfu, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** svei, **6.** já, **8.** við, **9.** asi, **11.** mn, **12.** sæðis, **14.** kalka, **16.** hí, **17.** mis, **18.** enn, **20.** pí, **21.** snap.
**LÓÐRÉTT: 1.** fjas, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** iðn, **7.** ásækinn, **10.** iða, **13.** ilm, **15.** asíu, **16.** hes, **19.** na.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!



# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

**Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.**

**Meiri Vísir.** visir.is

# Skilja strax?

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Ég vil skilja – sem fyrst" hljómar í símanum. „Hvenær fæ ég tíma?" Svo kemur parið á prestsskrifstofuna til að ræða samskipti og sáttahorfur. Ef ágreiningur er mikill og bæði vilja skilja er talað um hagsmuni barna parsins, umgengni, samskiptahætti, eignaskipti og fjölda atriða til að allt verði skýrt. Þegar skilnaðarasi er mikill og andúð kyndir undir fer oftar en ekki illa. Skemmtilegir skilnaðir eru fátíðir. Oftast eru þeir dapurlegir og í einstaka tilvikum hræðilegir. En áfall og kreppu má nýta til góðs. Skilnaðir geta bætt líf heimilismanna þegar mál eru unnin með hagsmuni allra að leiðarljósi. Þetta eru gæðaskilnaðir.

**„ÉG** vil skilja ríki og kirkju – strax." Setningin var á bloggsíðu og sést og hljómar víða. Of margir telja að hægt sé að efna til skyndiskilnaðar ríkis og kirkju og nánast eftir næstu helgi. Ef gæðaskilnaðir einstaklinga eru vandaverk eru slit ríkis og kirkju sem næst „hið ómögulega" svo vitnað sé í Ögmund Jónasson „trúmálaráðherra".

**SKILNAÐUR** og aðgreining eru sitt hvað og í samhengi ríkis og kirkju skyldi ekki rugla eða grauta þessu tvennu saman. Skilnaður ríkis og kirkju varðar fyrst og fremst 62. grein stjórnarskrárinnar. Þá aðeins verður lögformlegur skilnaður þessara aðila ef stjórnarskrárákvæðið verður fellt úr gildi. Allt annað mál er aðgreining ríkis og kirkju. Þjóðkirkjan hefur viljað og ríkið hefur veitt kirkjunni mikið frelsi. Aðgreiningarferli hefur staðið í áratugi. Þjóðkirkjan íslenska er ekki ríkiskirkja eins og sú danska. Þjóðkirkjan íslenska nýtur að lögum sjálfstæðis til jafns við hina sænsku, sem þó er aðskilin frá ríkinu.

**ÞJÓÐKIRKJAN** er ekki ríkisrekið apparat. Kirkjan afhenti ríkinu gífurleg verðmæti til eignar. Ríkið greiðir aðeins vexti af þeim höfuðstól. Laun presta eru slík greiðsla en alls ekki framlag ríkisins. Skilja strax? Ja, þá verður ríkið jafnvel dæmt til að skila öllu eignasafninu, sem í eru nokkur helstu dýrmæti Íslands, t.d. Þingvellir, allt land Garðabæjar (land Garðakirkju), Borgarnes (land Borgar). Ríkissjóður Íslands hefur jafnvel ekki burði til að skila eða bæta.

**ÞJÓÐKIRKJAN** óskar, að ríkið skipti sér sem minnst af málum hennar. Hún vill góð samskipti því það er þjóðin, sem kirkjan þjónar, og það er sama þjóð, sem ríkið á að þjóna. Höldum áfram aðgreiningarferli. Skiljum ekki fyrr en allt er fullrætt og allir sáttir. Gætum að því að börn þjóðarinnar klemmist ekki í átökum um trú og trúfélög. Aðeins gott aðgreiningarferli getur leitt til gæðaskilnaðar. Skilja strax – nei, kannski seinna.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# GRÆNI JAKKINN

## GOLFSKÓLI BIRGIS LEIFS OG YFIR 30 GOLFMÓT Á STÖÐ 2 SPORT

Þú sérð besta golf í heimi á Stöð 2 Sport. Meira en 30 golfmót á ári með fremstu kylfingum veraldar. Og nú bætist Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar við, ný íslensk þáttaröð. Misstu ekki af golfinu í vetur. Tryggðu þér áskrift!

**THE GOLF CHANNEL**

THE GOLF CHANNEL

EIN FLOTTASTA SJÓNVARPSSTÖÐ SINNAR TEGUNDAR Í HEIMINUM FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT.

**Children Miracle Network Classic**

**ADT Skills Challenge**
Skemmtilegt golfmót þar sem kylfingar keppa m.a. í púttum, lengd upphafshögga og stutta spilinu.

**Chevron World Challenge**
Tiger Woods býður 18 bestu kylfingum heims að mæta til leiks.

**PGA tour Qualifying tournament**
Efnilegustu kylfingarnir leggja allt undir til að vinna sér þátttökurétt á PGA mótaröðinni.

**The Shark Shootout**

**Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar**
Ný íslensk þáttaröð um allt sem kylfingar þurfa að vita um upphafshöggin, stutta spilið, púttin, mataræðið, trixin, reglurnar og fleira.

**Augusta Masters**
Fyrsta stórmót sumarsins þar sem keppst er um að fá að klæðast græna jakkanum eftirsótta.

**US PGA Championship**
Eitt af risamótunum fjórum í PGA mótaröðinni.

**Konunglegi bikarinn í golfi**
Magnað golfmót í anda Ryder Cup þar sem úrvalslið Evrópu mætir fremstu kylfingum Asíu.

**Asia One**
Frábær 10 móta mótaröð þar sem kylfingar eins og Adam Scott, Fred Couples, Stuart Appleby, Geoff Ogily, Greg Norman o.fl. fara á kostum.

**PGA Europro tour**
Stærsta og flottasta mótaröðin sem er sérhönnuð fyrir unga og jafnframt efnilegustu atvinnukylfinga heims. 17 mót.

**Nedbank Golf Challange**
Meðal keppenda eru Ernie Els, Goosen, Justin Rose, Lee Westwood, Miguel Angel Jimenez, Padraig Harrington og fleiri.

Fíton/SÍA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT | 2 SPORT 2 | 2 SPORT 3 | 2 SPORT 4 | 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# menning

menning@frettabladid.is

**TRÍÓ BLOND Á AKRANESI** Tríó Blonde heldur óperutónleika í léttari kantinum í Tónbergi á Akranesi í kvöld klukkan 20. Tríóið skipa þær Erla Björg Káradóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir og Sólveig Samúelsdóttir.

## Dagur íslenskunnar

Degi íslenskrar tungu er fagnað í fimmtánda sinn í dag, á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar. Í skólum landsins og á vegum margra annarra stofnana og samtaka verður dagsins minnst með einhverju móti.

Í tilefni dagsins heimsækir Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skóla og menningarstofnanir í Borgarnesi. Loks verður hátíðardagskrá í Landnámssetrinu klukkan 17, en þar afhendir ráðherra Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og tvær sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við íslenska tungu.

Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu verður haldin árleg Jónasarvaka Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal og Þjóðmenningarhússins. Vilborg Dagbjartsdóttir les nokkur eftirlætisljóða sinna eftir Jónas, Jón Karl Helgason flytur erindið: Bjarni eða Jónas? Kanónísering þjóðskálds á 19du öld.

Þá verða Íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkur veitt í Ráðhúsinu klukkan 16 en þau eru veitt grunnskólanemum sem hafa skarað fram úr á ýmsa vegu, í lestrarfærni, skapandi skrifum, ljóðasmíðum og framsögn.

Nánari upplýsingar um viðburði og uppákomur í tilefni dagsins má finna á vefnum menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/.



JÓNAS HALLGRÍMSSON SKÁLD


**LISTAVERK Í EINKAEIGU**

Listasafn Íslands fyrirhugar sýningu á árinu 2012 á verkum **Magnúsar Kjartanssonar (1949–2006)** myndlistarmanns.

Vegna undirbúnings óskar safnið eftir upplýsingum um listaverk eftir listamanninn sem til eru í einkaeigu.

Eigendur listaverka eru beðnir að hafa samband við Guðrúnu Ástu Þrastardóttur á netfangið bokasafn@listasafn.is eða hafa samband við Nínu Njálsdóttur í síma 515 9600 **fyrir 1. desember næstkomandi.**

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND






FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir.

vísir.is


## Bókaþjóðin orðin nettengd

**Edda útgáfa hefur fyrst íslenskra útgáfna gert samning við Apple um dreifingu á rafrænum bókum. Eigendur iPad og iPhone geta nú nálgast fyrstu bókina á íslensku á rafrænu formi. Nýtist öðrum forlögum til að koma bókum sínum á netið.**

„Við munum alltaf vera bókaþjóð, það er bara spurning í hvaða formi það verður," segir Jón Axel Ólafsson, forstjóri Eddu útgáfu sem hefur stigið nýtt skref í útgáfu bóka á rafrænu formi hér á landi, með dreifingarsamningi við Apple. Eigendur iPad og iPhone geta því keypt íslenskar bækur í rafrænu formi frá Eddu útgáfu.

Stór skref voru stigin í rafvæðingu á bókamarkaði í ár þegar Amazon setti Kindle-lestölvuna á markað og Apple iPad spjaldtölvuna.

Jón Axel segir íslenska útgefendur ekki í aðstöðu til að gera dreifingarsamninga við Amazon í Kindle en Eddu hafi tekist að gera samning við Apple vegna tengsla við Disney.

„Disney er að undirbúa útgáfu á sínu efni í Evrópu núna og þetta er liður í því," segir hann.

Fyrsta íslenska rafræna bókin sem fáanleg er á iBookstore frá Apple er þegar komin út en fleiri bækur koma út á næstu dögum og vikum.

„Við erum sem stendur að vinna í því að taka allt efni sem við eigum og breyta því fyrir þetta format. Bangsímon-útgáfan eins og hún leggur sig verður þarna, Stóra Disney-matreiðslubókin og fleira."

Spurður um möguleika rafbóka á Íslandi segist Jón telja þá jafn mikla og hverrar annarrar útgáfu.

„Þetta á eftir að auka neysluna en breyta neyslumynstrinu. Bókin fer ekki neitt en það eina sem breytist er að í staðinn fyrir að taka eina bók með í ferðalagið tökum við hundrað eða tvö hundruð bækur."

Dreifingarsamningur Eddu við Apple gæti einnig þýtt að nú styttist í að bækur annarra forlaga verði fáanlegar á rafrænu formi á íslensku.

„Við erum í rauninni bara gátt að þessu dreifingarkerfi. Önnur forlög eða einstaklingar geta því komist í dreifingu á iBookstore í gegnum okkur. Það þýðir að kannski verður bráðum hægt að kaupa bækur eftir Arnald Indriðason á netinu á íslensku en það er nú þegar hægt að kaupa bækur hans á ensku í gegnum Harper-Collins."

bergsteinn@frettabladid.is



**JÓN AXEL ÓLAFSSON** Bókin á alltaf eftir að verða til en rafbókin á eftir að breyta neyslumynstrinu, að mati Jóns Axels. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### FYRSTA RAFBÓKIN Á ÍSLENSKU



Fyrsta rafbókin á íslensku á vegum Eddu útgáfu er þegar fáanleg á iBookstore. Það er þýðing Sigurðar A. Magnússonar á bókinni Zen og listin að viðhalda vélhjólum, eftir Róbert Pirsig.

„Þeir feðgar, Sigurður A. Magnússon og sonur hans, Sigurður Páll, komu með þessa bók til okkar á sínum tíma og við ákváðum að vinna þetta verkefni með þeim af fullum krafti," segir Jón Axel. „Við sáum fljótt að þetta væri merkileg bók og í snilldarþýðingu Sigurðar, og kjörin til að marka upphaf rafbókaútgáfu á íslensku."

## Frelsari úr föðurkviði

Leikhús/ ★★★★

**Ódauðlegt verk um draum og veruleika**

Áhugaleikhús atvinnumanna

Áhugahópur atvinnuleikara er með mjög áhugaverða sýningu í Hugvísindahúsi Háskólans á Grandagarði 16. Steinunn Knútsdóttir leikstýrir ásamt leikhópnum.

Í snjóhvítu rými sem áður hefur líklega hýst netagerð eða fiskikara-framleiðslu hreyfast, svífa, smjúga og hlaupa hvítklæddar verur sem eru í senn allar persónurnar og eins hver og ein sem leitar og leitar að tilgangi þess að vera að leita. Hver persóna hefur sín einkenni, eða öllu heldur sína þráhyggju. Þráhyggjan getur orðið svo áþreifanleg að hún verður hreinlega líkamlega sýnileg eins og hjá unga manninum sem er farinn að ganga með barn og það ekki hvaða barn sem er heldur sjálfan frelsarann.

Hópurinn er á sviði sem er afmarkað með hvítum tjöldum, það er hátt til lofts og hljóðið berst vel. Hljóðið og hvernig það berst verður líka eitt af aðaláhugamálum eins úr hópnum. Þess eina sem er úti klæddur eins og hann sé á hæli, heldur er fremur eins konar ferðamaður í Grikklandi eða prófessor. Árni Pétur Guðjónsson fer með þetta hlutverk og þó svo að yfirbragð hans sé svona útlitslega öðruvísi í upphafi er hann engu að síður einnig hluti af þessu dreymna teymi sem birtist jafnt á sviðinu



og eins á tveimur örþunnum hvítum tjöldum til hliðanna. Ein persónanna er stöðugt að mynda sem er jú ein af okkar nútíma áráttum og eins rýkur ólétti strákurinn um og leitar sér að síma, er það í raun og veru eina ákall persónu í verkinu til hinna persónanna í beinum skilningi. Enda ekki lítið í húfi því hann þarf að ná í Guð almáttugan. Það er stutt í leiftrandi kímni. Sveinn Ólafur Gunnarsson túlkar fremur einhverfan þráhyggjumann sem getur ekki komið frá sér setningum nema eins og hann sé að pikka þær á lyklaborð.

Hver og einn af leikurunum hefur mótað sína karaktera og skrifað fyrir þá. Þetta er tilraunaverkefni en alls ekki ruglingslegt eða tilviljanakennt. Steinunn Knútsdóttir virðist hafa mjög sterka sýn með verkið og sömuleiðis rammar hún það mjög vel inn í þeirri tækni sem notuð er.

Í síðari hluta verksins birtist fyrirlestrakona, ein af þessum sem spretta nú upp eins og gorkúlur með sannleiksfyrirlestur um hamingjuna og hvernig við erum og ættum að vera. Þessi er svo taugatrekkt og öörugg að henni bregður sjálfri þegar hún opnar munninn. Það var Lára Sveinsdóttir sem fór með þetta hlutverk og var hún í einu orði sagt yndisleg. Fyrirlesturinn verður svo að myndlistarverki aftast á sviðinu með hjálp hópsins. Aðrir leikarar voru þau Hannes Óli Ágústsson, Orri Huginn Ágústsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Ólöf Ingólfsdóttir og Arndís Hrönn Egilsdóttir sem lék konu með mikla undirliggjandi sorg, líklega misst barn, en þemað um barnið var gegnumgangandi.

Leikmyndin er tær og nútímavídeótæknin gengur alveg upp sem hluti af leikverkinu.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Öguð og athyglisverð sýning, svolítið hæg í byrjun en þess betri þegar líða tók á verkið.

# Ísland í alþjóðlegri spennusögu!

www.bruna.nl

*„Lipurlega skrifuð spennusaga ... Góð persónusköpun og Íslandi eftir hrunið lýst með glöggu gestsauga.“*
*–Ármann Jakobsson, dósent í íslensku*

Breski metsöluhöfundurinn **Michael Ridpath** kynnir alþjóðlega spennusögu sína, **Hringnum lokað, í Eymundsson, Skólavörðustíg í dag kl. 17** en sagan gerist sem kunnugt er hér á landi. Hringnum lokað er fyrsta bókin í seríu um **Magnús Jónsson** lögreglumann. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að hitta alþjóðlegan metsöluhöfund sem notar Ísland sem sögusvið!

**RIDPATH KYNNIR BÓK SÍNA Í EYMUNDSSON, SKÓLAVÖRÐUSTÍG, Í DAG KL. 17 – ALLIR VELKOMNIR!**






VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D – ÓTEXTUÐ | 6 , 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 8 og 10.15 | 12 |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐIIÐ | 6 -ÍSL TAL | 7 |
| STONE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | 6 -ÍSL TAL | L |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl.10:30 | 16 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.55 og 6 | L |
| DUE DATE | kl. 3.50 - 5.45 - 8 og 10.20 | 10 |
| GNARR | kl. 6 - 8 og 10.10 | L |
| RED | kl. 3.45 - 5.50 - 8.10 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.45 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GNARR | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 10:20 | 12 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |



ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 3.40 | L |
| MACHETE | kl. 10.35 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.20 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| UNSTOPPABLE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| EASY A | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 5.50 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 8 - 10.15 | L |
| INHALE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 8 - 10 | 12 |
| EASY A | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ARTHÚR 3 | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói




**VALDIMAR** Hljómsveitin Valdimar er skipuð vel menntuðum tónlistarmönnum. Söngvarinn Valdimar Guðmundsson stendur í miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Mennt er máttur

**Hljómsveitin Valdimar sendi frá sér fyrstu plötu sína á dögunum.**

Meðlimir poppsveitarinnar Valdimar, sem eru flestir frá Keflavík, eru allir vel menntaðir tónlistarmenn. Þrír eru útskrifaðir tónsmiðir frá Listaháskólanum og einn úr tónlistarskóla FÍH í trommuleik. Sveitin gaf fyrir skömmu út sína fyrstu plötu, Undraland, sem hefur fengið góðar viðtökur.

„Stefnan er að reyna að mennta sig eins mikið og á eins breiðu sviði og maður getur," segir söngvarinn Valdimar Guðmundsson. Hann lauk tónsmíðanámi sínu við Listaháskólann í vor og er núna í FÍH á djass- og rokkbraut. Hann stefnir einnig á að ljúka námi sínu í djassbásúnuleik þarnæsta vor. „Þetta er gott hljóðfæri í poppið, finnst mér," segir hinn 25 ára Valdimar um básúnuna sem hann notar óspart í hljómsveitinni.

Hún var stofnuð sumarið 2009 eftir að Valdimar og gítarleikarinn Ásgeir Aðalsteinsson höfðu verið að semja lög í smá tíma. Þrír meðlimir bættust við sveitina, Guðlaugur Már Guðmundsson, Þorvaldur Halldórsson og Kristinn Evertsson, auk þess sem nokkrir gestaspilarar koma við sögu á tónleikum.

Valdimar segir að hljómsveitir á borð við Radiohead, Bítlana og Arcade Fire séu sameiginlegir áhrifavaldar hjá bandinu. Hún hlusti samt á fjölbreytta tónlist og áhrifin komi því úr fleiri áttum. Útgáfutónleikar Valdimars vegna nýju plötunnar verða í Fríkirkjunni 27. nóvember.

freyr@frettabladid.is

# Backyard verðlaunuð

**Íslenska tónlistarmyndin Backyard hlaut sérstök dómnefndarverðlaun á einni stærstu heimildarmyndahátíð Evrópu, CPH: DOX, sem lauk í Kaupmannahöfn á sunnudag. Myndin vann ekki í sínum flokki, Sound & Vision, en fékk engu að síður viðurkenningu fyrir að vera bæði frumleg og nútímaleg.**

**„Þetta var mjög gaman því við vissum ekkert af þessu. Þetta kom algjörlega eins og þruma úr heiðskíru lofti," segir leikstjórinn Árni Sveinsson. Backyard fjallar um íslenskar hljómsveitir sem tengjast vináttuböndum, þar á meðal Hjaltalín, múm, FM Belfast og Retro Stefson. „Við vorum þarna á eigin vegum og síðan var allt í einu verið að biðja okkur um að mæta á þessa verðlaunaafhendingu," segir Árni en forsvarsmenn hátíðarinnar héldu fyrst að enginn úr Backyard-hópnum hefði mætt á hátíðina.**

**Hljómsveitin Hjaltalín spilaði á lokatónleikum hátíðarinnar. Henni til halds og trausts voru listakonurnar Saga Sig og Hildur Yeoman sem bjuggu til myndbandsverk fyrir tónleikana.**



**- fb**

Tónlist ★★★★

**Kópacabana**

Blaz Roca

## Erpur lætur vaða

Kópacabana er fyrsta sólóplata Erps Eyvindarsonar og jafnframt fyrsta platan frá honum síðan samstarfsplata Blaz Roca og U-Fresh, Hæsta hendin, kom út í árslok 2004. Stjarna Erps reis hæst í upphafi nýrrar aldar þegar XXX Rottweilerhundar hertóku íslenskt tónlistarlíf og Johnny National var það ferskasta í sjónvarpinu. Síðan hægðist um og á tímabili hélt maður að hann væri búinn að stimpla sig út.



En Erpur hefur verið að koma sterkur inn aftur að undanförnu. Bankahrunið var honum innblástur eins og heyrist í lögunum Landráð, Reykjavík-Belfast og Stórasta land í heimi sem öll eru á nýju plötunni. Blaz átti líka glæsilega innkomu í laginu Viltu dick? á plötunni með Sykri í fyrra. Það er líka á Kópacabana. Og nú er hann kominn með heila plötu. Og enga smá plötu, 21 lag, 75 mínútur.

Blaz Roca er ekki einn á ferð á Kópacabana. Tvö laganna eru gerð með XXX Rottweiler, en Dabbi T, Dóri DNA, Friðrik Dór, Emmsjé Gauti, Sesar A og Raggi Bjarna eru á meðal gestaradda, að ógleymdum Ísfirðingunum Ísaksen og Kidda. Taktarnir eru flestir annaðhvort eftir Lúlla eða tvíeykið Redd Lights (Jóhann Bjarkason og Ingi Már Úlfarsson) sem er að gera það gott þessa dagana bæði hér og á plötunni hans Friðriks Dórs.

Lögin á Kópacabana eru ekki öll tóm snilld, en mörg þeirra eru frábær og það er greinilegt að Erpur hefur náð fyrri snerpu í textunum. Hann lætur allt vaða og húmor, eitraðir orðaleikir og töffaraskapur bera plötuna uppi. Lögin Það er enginn að hlusta, Blaz Roca er don, Landráð, Reykjavík-Belfast, 112, Hleraðu þetta, Viltu dick? og titillagið Kópacabana eru öll fyrsta flokks. Það síðastnefnda fjallar að sjálfsögðu um Kópavoginn. Skemmtilegur texti sem er glæsilega myndskreyttur með ljósmyndum Jóa Kjartans í plötubæklingnum.

Á heildina litið frábær plata frá Erpi þó hún hefðir orðið enn sterkari ef hann hefði sleppt 3-4 slökustu lögunum.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Erpur Eyvindarson sýnir að hann kann enn að taka stórt upp í sig.

Bíó ★★

**I'm Still Here**

Leikstjóri: Casey Affleck

**Sýnd á Haustbíódögum Græna ljóssins í Bíó Paradís.**

## Tilgerðarlegur Phoenix

Í október árið 2008 tilkynnti Joaquin Phoenix að hann væri hættur að leika og ætlaði að hefja feril sem rappari. Sumir trúðu honum, aðrir ekki. Uppátækið reyndist vera gabb og Phoenix eyddi næstu misserum í að taka upp háðheimildarmyndina (e.þ. Mockumentary) I'm Still Here.



**VONBRIGÐI** Undirritaður bjóst við skemmtilegri mynd.

Myndin er frekar leiðinleg og tilgerðarleg. Joaquin Phoenix er frábær leikari, en það er kjánalegt að fylgjast með honum *þykjast* missa vitið þegar maður veit betur. Það koma þó atriði sem skemmtilegt er að fylgjast með, þrátt fyrir að maður viti að flestir vissu að um gabb var að ræða.

**Atli Fannar Bjarkason**

**Niðurstaða:** Frekar leiðinleg mynd sem erfitt er að horfa á vitandi að hann var bara að djóka.





Allar pizzur af matseðli á 1.390 kr.*
*Ef þú sækir.
MEGAVIKA
40% AFSLÁTTUR af meðlæti og gosi.*
Vikuna 15. – 21. nóvember 2010
58·12345
dominos.is
Domino's Pizza
Coca-Cola
*Af matseðli, ef þú sækir.

# sport

sport@frettabladid.is



**KIEL OG HAMBURG** eigast við í toppslag þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta í kvöld. Bæði lið eru með 20 stig á toppi deildarinnar og því leikurinn afar mikilvægur í titilbaráttunni. Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel og Aron Pálmarsson leikur með liðinu. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



**KOMINN Í HVÍTT** Brynjar Gauti Guðjónsson samdi við ÍBV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikmannamál ÍBV:

## Brynjar Gauti valdi ÍBV

**FÓTBOLTI** Eyjamenn gengu í gær frá þriggja ára samningi við Ólafsvíkinginn Brynjar Gauta Guðjónsson sem er átján ára varnarmaður.

Þrátt fyrir ungan aldur á hann að baki 61 leik í deild og bikar með Víkingi Ólafsvík þar sem hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik aðeins fimmtán ára gamall.

Brynjar Gauti er fyrirliði U-19 ára landsliðs Íslands og hann var lykilmaður í liði Víkings sem vann alla sína leiki í 2. deildinni í sumar og komst alla leið í undanúrslit VISA-bikars karla. - esá

Gylfi Þór Sigurðsson:

## Orðaður við Man. United

**FÓTBOLTI Enski vefmiðillinn Talksport greindi frá því í gær að Manchester United hefði áhuga á landsliðsmanninum Gylfa Þór Sigurðssyni, leikmanni Hoffenheim í Þýskalandi.**



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON

**Gylfi hefur verið orðaður við nokkur stórlið í Evrópu undanfarnar vikur en hann hefur slegið í gegn með Hoffenheim þar sem hann hefur þegar skorað fjögur mörk. Útsendarar United munu einnig hafa fylgst með leik U-21 liðs Íslands gegn Skotum ytra þar sem Gylfi skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri og tryggði um leið Íslandi sæti í úrslitakeppni EM. Hoffenheim keypti Gylfa frá Reading í Englandi fyrir fimm milljónir evra í haust.** - esá

Magnús Þór Gunnarsson:

## Mögulega á heimleið

**KÖRFUBOLTI** Svo gæti farið að Magnús Þór Gunnarsson spili aftur hér á landi áður en langt um líður en hann kom hingað til lands í gær.

Magnús Þór hefur gert það gott með Aabyhöj í dönsku úrvalsdeildinni í haust en í gær var greint frá því að hann væri nú aftur á leið til Njarðvíkur þar sem hann spilaði síðast.

„Það er ekkert ákveðið enn," sagði Magnús við Fréttablaðið. „Það er langt í næsta leik í Danmörku en ég vona að þessi mál verði komin á hreint fyrir vikulok." - esá

# Gullstelpurnar á ÍM25

**Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH og Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi unnu saman þrettán gull og settu saman þrjú Íslandsmet á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug sem fór fram í Laugardalslauginni um helgina.**

**SUND** Það var nóg að gera hjá þeim Hrafnhildi Lúthersdóttur og Eygló Ósk Gústafsdóttur í Laugardalslauginni um helgina. Hrafnhildur vann sjö gull og bætti Íslandsmetið í 400 metra fjórsundi og Eygló Ósk vann sex gull, setti tvö Íslandsmet og náði lágmörkum á EM.

Hrafnhildur vann mesta afrek mótsins (100 metra fjórsund) og flestar einstaklingsgreinar (6) og það þrátt fyrir að vera í miðjum undirbúningi fyrir HM í Dúbaí sem fer fram í desember.

„Ég er mjög ánægð með þetta en ég stefndi ekki á að gera vel á þessu móti því ég er á fullu að undirbúa mig fyrir HM. Ég var samt búinn að æfa vel," segir Hrafnhildur. Enginn tími var fyrir hana til að slaka á enda oft stutt á milli greina hjá henni auk þess sem hún þurfti reglulega að stökkva upp á pall og taka á móti gullverðlaununum.

„Ég var orðin mjög þreytt eftir mótið og var eiginlega alveg búin á því. Þetta var mjög góð æfing," segir Hrafnhildur.

„Ég var ánægðust með 400 metra fjórsund út af Íslandsmetinu sem kom mér verulega á óvart því ég var mest stressuð fyrir það sund. Þetta er grein sem ég er nýfarin að leggja einhverja áherslu á og ég hef ekki mikið verið að keppa í henni," segir Hrafnhildur. „Ég bætti mig líka í 100 metra fjórsundi sem var líka gott. Ég er líka ánægð með að hafa klárað allar þessar greinar. Ég held að þetta boði bara gott fyrir HM að ég hafi verið að synda svona vel," segir Hrafnhildur. Næsti mánuður er vel skipulagður hjá henni því hún útskrifast úr Flensborg, fer síðan að keppa á HM 15. til 19. desember og er síðan á leiðinni í skóla í Bandaríkjunum eftir áramót. „Ég er heima um jólin, held síðan útskriftarveislu og svo flýg ég beint út," segir Hrafnhildur sem er á leiðinni í University of Florida á fullum skólastyrk.

„Ég er mjög spennt fyrir því að fara í skólann en ég er líka stressuð og kvíðin," segir Hrafnhildur sem ætti að fá gott tækifæri til að bæta sig enn frekar en Kvennasundlið skólans, The Gators, er besta háskólalið Bandaríkjanna.



**ÞRETTÁN GULL** Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir stóðu sig frábærlega á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Sleppti sjöunda gullinu fyrir met

„Ég er ekkert smá sátt með helgina. Ég var dálítið stressuð fyrir þetta mót því ég efaðist um það að ég væri í nógu góðu formi," segir hin fimmtán ára gamla Eygló Ósk Gústafsdóttir sem var að bæta sig um leið og hún sló Íslandsmetin sín um helgina.

„Markmiðin hjá mér fyrir mótið var að ná í þessi Íslandsmet og ná inn á EM. Ég var langánægðust með baksundin," segir Eygló sem bætti Íslandsmet Önju Ríkeyjar Jakobsdóttur í 100 metra baksundi og bætti síðan sitt eigið met í 200 metra baksundi. Eygló vann alls fjórar einstaklingsgreinar á mótinu, auk þess hjálpaði hún Ægi að vinna tvö boðsund og vann síðan líka eitt silfur. Eygló hefði getað unnið sjöunda gullið því hún synti best í undanrásunum en ákvað að spara kraftana í úrslitunum.

„Ég ákvað að sleppa úrslitasundinu í 400 metra skriðsundi. Ég hefði verið dauðþreytt eftir það sund ef ég hefði synt það," segir Eygló en það sund var á undan 200 metra baksundi sem er hennar besta grein. „Ég valdi það að safna kröftum til að reyna við metið," segir Eygló naut góðs af „hvíldinni" og bætti Íslandsmetið um tvær sekúndur.

„Ég var bara ákveðin í að ná þessu meti þótt ég hafi verið orðin þreytt," sagði Eygló.

„Ég og þjálfarinn minn voru búin að setja það markmið að komast á EM og nú er bara komið nýtt markmið og það er að komast inn á Ólympíuleikana 2012. Ég þarf bara að æfa mig betur," segir Eygló sem fékk fær ekki mikinn tíma til að jafna sig eftir átök helgarinnar því í gær var hún mætt upp í Borgarleikhús strax eftir skóla til að æfa sig fyrir Skrekk. Eygló segist hafa tíma fyrir félagslífið þrátt fyrir margar sundæfingar. „Ég er samt mjög upptekin manneskja," viðurkennir hún þó að lokum.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Iceland Express-deild karla

**Njarðvík - Fjölnir 73-97 (40-54)**

**Stig Njarðvíkur**: Christopher Smith 20, Guðmundur Jónsson 13, Friðrik Stefánsson 13, Páll Kristinsson 6, Jóhann Árni Ólafsson 5, Hjörtur Einarsson 3, Kristján Sigurðsson 3, Ólafur Jónss. 3, Egill Jónass. 3, Lárus Jónss. 2, Rúnar Erlingss. 2.

**Stig Fjölnis**: Ægir Þór Steinarss. 24, Tómas Tómass. 18, Magni Hafsteinss. 10, Sindri Káras. 9, Jón Sverriss. 8, Arnþór Guðmundss. 8, Ben Stywall 7, Hjalti Vilhjálmss. 5, Einar Þórmundss. 3, Trausti Eiríkss. 2, Sigurður Þórarinss. 2, Leifur Aras. 1.

**KFÍ - KR 98-143 (56-68)**

**Stig KFÍ**: Nebojsa Knezevic 20, Craig Schoen 17, Ari Gylfason 10, Hugh Barnett 10, Daði Berg Grétarsson 10, Darco Milosevic 10, Pance Ilievski 9, Carl Josey 8 Guðni Páll Guðnason 4.

**Stig KR**: Marcus Walker 28, Pavel Ermolinskij 25, Brynjar Björnss. 19, Ágúst Angantýss. 15, Hreggviður Magnúss. 13, Fannar Ólafss. 13, Finnur Magnúss. 12, Jón Kristjánss. 8, Matthías Sigurðars. 5, Ólafur Ægiss. 3, Martin Hermannss. 2.

**Grindavík - Stjarnan 100-92 (51-41)**

**Stig Grindavíkur**: Páll Axel Vilbergss. 20, Ómar Sævarss. 17, Guðlaugur Eyjólfss. 17, R. Pettinella 13, Þorleifur Ólafss. 13, Jeremy Kelly 12, Ármann Vilbergss. 3, Björn Brynjólfss. 3, Ólafur Ólafss. 2.

**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 29, Jovan Zdravevski 23, Marvin Valdimarss. 13, Kjartan Kjartanss. 9, Daníel Guðmundss. 5, Guðjón Láruss. 5, Fannar Freyr Helgason 4, Ólafur Ingvason 4.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **7** | **6** | **1** | **684-642** | **12** |
| Grindavík | 7 | 6 | 1 | 642-559 | 12 |
| **KR** | **7** | **5** | **2** | **702-599** | **10** |
| Stjarnan | 7 | 4 | 3 | 610-594 | 8 |
| **Keflavík** | **7** | **4** | **3** | **623-610** | **8** |
| Fjölnir | 7 | 3 | 4 | 624-619 | 6 |
| **Haukar** | **7** | **3** | **4** | **601-634** | **6** |
| Hamar | 6 | 3 | 3 | 507-505 | 6 |
| **KFÍ** | **6** | **2** | **4** | **573-616** | **4** |
| Tindastóll | 7 | 2 | 5 | 535-601 | 4 |
| **Njarðvík** | **7** | **2** | **5** | **535-617** | **4** |
| ÍR | 7 | 1 | 6 | 622-662 | 2 |

### Eimskipsbikarkeppni karla

**16-LIÐA ÚRSLIT**

**Akureyri - Afturelding 30-20 (13-9)**

**Mörk Akureyrar**: Guðmundur Helgason 8, Daníel Einarss. 4, Heimir Árnas. 4, Oddur Grétarss. 4, Geir Guðmundss. 3, Hörður Sigþórss. 2, Bjarni Fritzs. 1, Hlynur Matthíass. 1, Bergvin Gíslas. 1.

**Mörk Aftureldingar**: Eyþór Vestmann 4, Bjarni Aron Þórðarson 4, Arnar Theódórsson 4, Aron Gylfason 3, Haukur Sigurvinsson 2, Daníel Jónsson 2, Jón Andri Helgason 1.

### Hlaðnar gullverðlaunum

**Sjö gull Hrafnhildar**

| | |
|---|---|
| 100 m fjórsund | 200 m bringusund |
| 400 m fjórsund* | 100 m bringusund |
| 200 m fjórsund | 50 m bringusund |
| 4x100 metra fjórsund (með SH) | |

**Sex gull Eyglóar**

| | |
|---|---|
| 800 m skriðsund | 100 m baksund* |
| 200 m skriðsund | 200 m baksund* |
| 4x50 m skriðsund (með Ægi) | |
| 4x100 m skriðsund (með Ægi) | |

***Íslandsmet**

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi:

# Grindavík aftur á sigurbraut

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gær og er Grindavík aftur komið á sigurbraut eftir að hafa tapað fyrir Snæfelli í síðustu umferð. Liðið vann átta stiga sigur á Stjörnunni á heimavelli í gær, 100-92.

„Sigur er alltaf sigur," sagði Helgi Jónas Guðfinsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn í kvöld. „Við vorum komnir í ansi þægilega stöðu sem við hentum frá okkur í þriðja leikhluta. Stjarnan er með hörkulið og við vorum minntir á í kvöld að það þýðir ekki að leggja árar í bát þó svo að vel gangi. menn mega ekki hætta," sagði Helgi Jónas.

Grindavík spilaði með nýjan Bandaríkjamann þar sem að sá fyrri þurfti frá að hverfa af persónulegum ástæðum. Sá heitir Jeremy Kelly.

„Hann byrjaði á því að setja niður átta stig eins og að drekka vatn en svo bara ekki söguna meir," sagði þjálfarinn. „Hann er í engu formi og hefur líklega sýnt um tíu prósent af því sem hann getur. En þetta er hörkuleikmaður og ég er viss um að við höfum fengið betri leikmann en þann sem við vorum með."

KR gerði góða ferð til Ísafjarðar þar sem liðið skoraði hvorki fleiri né færri en 143 stig gegn 98 frá KFÍ. Marcus Walker skoraði 28 stig en Pavel Eromlinskij náði glæsilegri þrefaldri tvennu – 25 stigum, átján fráköstum og tólf stoðsendingum.

Allir leikmenn KR sem voru á skýrslu skoruðu í leiknum en KR skoraði aldrei minna en 31 stig í leikhluta og mest 41 stig.

Ófarir Njarðvíkur halda áfram en liðið er í fallsæti eftir tap fyrir Fjölni á heimavelli í gær, 97-73. Ægir Þór Steinarsson átti góðan leik í liði gestanna og skoraði 24 stig og gaf átta stoðsendingar.

Njarðvík hefur unnið tvo leiki af sjö í deildinni, rétt eins og Tindastóll og KFÍ en aðeins botnlið ÍR er með færri stig. Snæfell og Grindavík eru á toppnum með sex sigra í sjö leikjum. - esá



**PAVEL ERMOLINSKIJ** Fór á kostum á Ísafirði í gær.



**SKORAÐI FJÖGUR** Oddur Grétarsson, leikmaður Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eimskipsbikarkeppnin:

## Akureyri áfram

**HANDBOLTI** Þrír leikir fóru fram í 16-liða úrslitum Eimskipsbikarkeppni karla í gær. Hæst bar slagur Akureyrar og Aftureldingar sem fyrrnefnda liðið vann, 30-20.

Guðmundur Hólmar Helgason fór mikinn og skoraði átta mörk fyrir Akureyri sem hafði átta marka forystu í hálfleik, 13-9.

Þá er ÍR einnig komið áfram eftir sigur á Stjörnunni, 29-25, eftir að hafa verið með þriggja marka forystu í hálfleik, 14-11.

Víkingur er einnig komið áfram eftir sigur á Haukum 2, 36-27. - esá

**Hádegisfundur ÍSÍ**

Föstudagur 19. nóv. kl. 12.00-13.00 í D-sal Íþr.-miðstöðv. í Laugardal. Jón Sigfússon frá Rannsóknum og Greiningu mun fara yfir rannóknina The Nordic Youth Research. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

Uppl. í 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá nánar á www.isi.is

# 25 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af 25 ára afmæli Hátækni bjóðum við fjölmörg frábær tilboð í verslun okkar. Að auki bjóðum við sérstakan 25% afmælisafslátt af 25 sérvöldum vörum fram til áramóta.




LG
YAMAHA

50.000 afsláttur

Tilboðsverð **269.995 kr.**

Verð áður 319.990 kr.

### 42" LG Plasma HD R 600Hz TV

- HD-Ready Plasma sjónvarp með afar þunnum sjónvarpsramma
- 1366 x 768 punkta upplausn • 600 Hz. stafrænn móttakari
- USB tengi • DivX HD stuðningur • 2 x HDMI

### Yamaha YHT-S400 3.1 heimabíókerfi

- Front Surround 3.1 heimabíókerfi með innbyggðu FM útvarpi
- 3 x HDMI tengi / Uppskölun í Full HD 1080p
- Bassabox innbyggt í magnara þar sem allar tengingar eru
- Aðgerðir á skjá • Glæsilegt sett og góður hljómur




LG

70.000 afsláttur

Tilboðsverð **249.995 kr.**

Verð áður 319.990 kr.

### 42" LG LED Full HD 100Hz TV

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring • 100 Hz. • Fjögur HDMI
- Fékk EISA verðlaun 2010-2011 í flokknum „Bestu kaupin"




LG

30.000 afsláttur

Tilboðsverð **249.995 kr.**

Verð áður 279.990 kr.

### 42" LG LCD FHD 200Hz TV

- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200 Hz.
- 1920 x 1080 punkta upplausn • 3 x HDMI • LAN • 2 x USB 2.0
- WiFi • DLNA og DivX HD stuðning




LG

TILBOÐ

Tilboðsverð **169.995 kr.**

### 37" LG LCD Full HD 50Hz TV

- Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður • 2 x HDMI • USB 2.0
- SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

YAMAHA




10.000 afsláttur

Tilboðsverð **49.995 kr.**

Verð áður 59.990 kr.

### Yamaha MCR040 Micro-stæða grá

- Falleg stereóstæða með 2x15w hátölurum • Geislaspilari
- iPod dokka • USB 2.0 tengi • Heyrnatólatengi og 3.5mm AUX in

## 25 ÁRA VÖRUR 25% AFSLÁTTUR

**25 vörur á 25% afmælisafslætti. Fylgstu með framhaldinu.**

vara 8




TUNEBASE FMX
12.995 ▶ 25% 9.746 kr.

vara 2




Heimabíómagn. Yamaha
59.995 ▶ 25% 44.996 kr.

vara 22




TDK USB 32GB Flash
19.995 ▶ 25% 14.995 kr.

vara 12




Notebook Cushdesk
4.995 ▶ 25% 3.746 kr.

vara 5




Blueatooth headsett
4.995 ▶ 25% 3.746 kr.

vara 19




TLKR-T3 PMR
8.995 ▶ 25% 6.746 kr.

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

PIPAR\TBWA • SÍA • 102762

> **Patricia Heaton**

„Ég man ekki til þess að móðir mín hafi leikið við mig í æsku. Hún var samt mjög góð mamma. En hún þurfti að sjá um allt, þvo þvottinn, þrífa húsið og sjá um matarinnkaup."

***Patricia Heaton leikur ofurhúsmóður í gamanþáttunum The Middle sem eru á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld klukkan 20.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SKYGGNIST BAK VIÐ TJÖLDIN

# *Ævintýraheimur leikhússins*

Ég horfði á heimildarþátt um Þjóðleikhúsið á sunnudagskvöld sem leið þar sem bæði leikhússtjórar og leikarar rifjuðu upp og sögðu frá. Einnig var skyggnst inn í búningageymslur og leikmunaverkstæði leikhússins sem var sérstaklega forvitnilegt en til dæmis eru allir búningar frá upphafi geymdir í 500 fermetra geymslu úti í bæ. Þjóðleikhúsið fagnar 60 ára starfsafmæli í ár svo þeir eru margir.

Áhorfendur fengu að kíkja inn í leikaraherbergin sem ekkert hafa breyst í 60 ár. Þar rifjuðu leikarar upp minnisstæð augnablik. Arnar Jónsson steinsofnaði rétt áður en hann átti að hlaupa inn á svið sem rakarinn í Kardimommubæ eitt sinnið svo Bessi Bjarnason hélt uppi stuðinu meðan áhorfendur biðu. Róbert Arnfinnsson sagðist hafa gegnt „hlutverki" eiginmanns eða kærasta Herdísar Þorvaldsdóttur, meira og minna árum saman



en þau voru fyrstu ungu leikararnir sem ráðnir voru til leikhússins. Kristbjörg Kjeld lýsti því einnig hvernig leið yfir hana af spenningi þegar hún hitti fyrst gömlu stórleikarana, þá ung og óreynd leikkona.

Uppsetning Íslandsklukkunnar var eins og rauður þráður gegnum þáttinn og stórskemmtilegt að fylgjast með Benedikt Erlingssyni leikstýra og segja frá vinnu sinni. Hann sagði til dæmis að á Íslandi færu einungis átta vikur í að æfa stór verk, meðan leikhús í útlöndum verðu mörgum mánuðum í æfingar. Fyrir það eitt tek ég ofan fyrir íslenskum leikurum.

Mér fannst merkilegt að sjá þá vinnu sem liggur að baki einni leiksýningu og hversu margar hendur koma að. Það er alltaf ævintýralegt að koma í leikhús en ég held að eftir hafa fengið að skyggnast svona bak við tjöldin verði það enn ævintýralegra.

## SJÓNVARPIÐ

**14.50 Þýski boltinn** (e)
**15.45 Þar sem háir hólar...** Upptaka úr Þjóðleikhúsinu frá dagskrá í tilefni af 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar.
**16.55 Handboltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Svona eru mæður** (4:6)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (11:20)
**18.25 Krakkamál – HRINGURINN**
**18.30 Kobbi gegn kisa** (5:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (28:34) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.50 Sportið**
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (5:6) (Luther) Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna Luther sem fer sínar eigin leiðir.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Scoop**
**10.00 School for Scoundrels**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Scoop**
**16.00 School for Scoundrels**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 You Don't Mess with the Zohan**
**22.00 Road Trip**
**00.00 Capote**
**02.00 Don't Come Knocking**
**04.00 Road Trip**
**06.00 Yes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (6:25)
**11.00 Wipeout USA**
**11.45 Monk** (7:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (5:24)
**13.25 Miss Marple - Towards Zero**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Ben 10, Nonni nifteind, Strumparnir
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (8:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (4:22)
**20.15 The Middle** (16:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle.
**20.40 Two and a Half Men** (4:22)
**21.05 Cougar Town** (23:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.
**21.30 Chuck** (1:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**22.20 The Shield** (10:13)
**23.10 Daily Show: Global Edition**
**23.35 Gossip Girl** (1:22)
**00.25 Grey's Anatomy** (7:22)
**01.10 Medium** (7:22)
**01.55 Nip/Tuck** (6:19)
**02.35 Katie Morgan's Sex Quiz**
**03.00 Hard Candy**
**04.40 Chuck** (1:19)
**05.25 Cougar Town** (23:24)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**17.25 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki.
**17.55 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.25 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.



**19.10 Hamburg - Kiel** Bein útsending frá leik Hamburg og Kiel í þýska handboltanum.
**20.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**21.50 PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.45 Hamburg - Kiel** Útsending frá leik Hamburg og Kiel í þýska handboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.10 Newcastle - Fulham**
**15.55 Aston Villa - Man. Utd.**
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.
**18.35 Football Legends - Fernando Hierro** Þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.
**19.00 Everton - Arsenal**
**20.45 Chelsea - Sunderland**
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Man. City - Birmingham**

## SKJÁR EINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (8:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (8:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Rachael Ray**
**16.40 Dr. Phil**
**17.20 Parenthood** (6:13) (e)
**18.05 Matarklúbburinn** (1:6) (e)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.55 Real Hustle** (5:10)
**19.20 Rules of Engagement** (7:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (17:20)
**20.10 The Marriage Ref** (10:12)
**21.00 Nýtt útlit** (9:12) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 Nurse Jackie** (7:12)
**22.20 United States of Tara** (7:12)
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: New York** (15:23) (e)
**00.25 Sordid Lives** (10:12) (e)
**00.50 CSI: Miami** (18:25) (e)
**01.35 Nurse Jackie** (7:12) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**10.35 Golfing World** (e)
**11.25 Ryder Cup Official Film 2010** (e)
**12.40 JBwere Masters 2010** (1:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Monty's Ryder Cup Memories**
**19.40 The Open Championship Official Film 2010** (e)
**20.35 European Tour - Highlights** (7:10)
**21.25 PGA Tour Yearbooks** (7:10)
**22.10 Golfing World** (e)
**23.00 Ryder Cup Official Film 2008** (e)
**00.15 Golfing World** (e)
**01.05 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.45 Gossip Girl** (11:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.30 That Mitchell and Webb Look** (2:6) Skemmtilegur grínþáttur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (1:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfulla menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**22.35 V** (10:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**23.20 The Event** (7:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í skelfilegri lífsreynslu.
**00.05 Dollhouse** (7:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð.
**00.55 Unhitched** (3:6)
**01.20 Gossip Girl** (11:22)
**02.05 The Doctors**
**02.45 Sjáðu**
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jónu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Guðmundur Gunnars, Vilhjálmur Egils og Orri Hauks.
**21.00 Græðlingur** Allir græða á Græðlingi Gurrýar.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR ... AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30
### Chuck



Þriðja þáttaröðin um nördinn Chuck Bartowski sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Friðhelgi **14.03** Um ljúfan dreng sem lifir enn **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Life of Riley **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** Spooks **21.20** Life of Riley **21.50** QI **22.20** Harry and Paul **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Mission Ledelse **13.30** Fængslet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag på Fyn **19.30** Stemmer fra Vollsmose **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk - Gruppen för särskilda insatser **22.55** Borgen **23.55** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.05** Spekter **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** På tro og are **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Den store reisen **23.25** Skavlan

### SVT 1

**12.05** Livet på landet **12.35** Harry - med pappa i köket **13.05** Efter Jesper **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.25** State of Mind **23.10** Starke man **23.40** Kinas mat


Shell
V-Power

Þróað fyrir
meiri afköst – hverju sem þú ekur

Það sem við höfum lært af samstarfinu við Ferrari á keppnisbrautinni, höfum við nýtt okkur fyrir venjulega bíla. Ef Shell V-Power getur hjálpað til við að halda Ferrari í toppstandi, ímyndaðu þér þá hvað það getur gert fyrir bílinn þinn. Shell V-Power er þróað til að hreinsa vélina til þess að ná fram meiri afköstum og auka viðbragðið í hvaða bensínvél sem er. Fylltu tankinn með Shell V-Power og fáðu sem mest út úr hverjum dropa.

www.skeljungur.is

ENNEMM / SÍA / NM44399




Developed with

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

KI ... CHUCK BARTOWSKI

CHUCK

EINN VINSÆLASTI ERLENDI ÞÁTTUR STÖÐVAR 2

„Það ánægjulegasta í sjónvarpi í dag.“ – Chicago Tribune
„Best skrifaða sjónvarpsstundin.“ – USA Today

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Í hádeginu finnst mér best að fá mér tvær pitsusneiðar og hvítlauksbrauð á Deli. Annars stendur Búllan alltaf fyrir sínu.“*

ÁSKELL HARÐARSON, PLÖTUSNÚÐUR OG VERSLUNARSTJÓRI SPÚÚTNIK.

# Fékk sér húðflúr með lótusblómi og hjarta

„Þetta er hjarta til að minna mig á að hlusta alltaf á hjartað,“ segir glæpasagnahöfundurinn Lilja Sigurðardóttir um nýtt húðflúr sem hún fékk sér fyrir skömmu.

„Svo er þarna lótusblóm en lótusinn er eina plantan í heiminum sem ber bæði blóm og ávöxt í einu. Það er táknrænt fyrir þetta búddíska lögmál um orsök og afleiðingar sem ég trúi mjög mikið á. Það minnir mann á að allar gjörðir hafa afleiðingu, fyrir utan að þetta er ægilega smart,“ útskýrir hún en húðflúrið var sett yfir eldra tattú sem var minna í sniðum.

Aðspurð segist hún hafa iðkað japanskan búddisma í nokkur ár. „Þetta er hin besta aðferð til að takast á við heiminn og lífið. Búddisminn er á mörkum þess að vera heimspeki og trúarbrögð. Ég á pínulítið erfitt með að trúa en á auðvelt með að skilja lógík í hlutunum. Mér finnst búddisminn bjóða upp á það frekar heldur en mörg önnur trúarbrögð.“

Lilja gaf fyrir skömmu út sína aðra glæpasögu, Fyrirgefningu, hjá forlaginu Bjarti. „Ég var einhvern tímann að ýta á eftir fyrirframgreiðslunni á höfundarlaununum og sagði að það væri af því að ég ætlaði að fá mér tattú. Ef ég held áfram að skrifa bækur, hvernig mun ég þá líta út eftir nokkur ár,“ segir hún og hlær. **- fb**



**NÝTT HÚÐFLÚR** Glæpasagnahöfundurinn Lilja Sigurðardóttir með nýja húðflúrið sitt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Kristján Jóhannsson og frú mættu prúðbúin á Rigoletto, uppfærslu Íslensku óperunnar á þessu sígilda meistarastykki Verdis á sunnudagskvöldið. Þar mátti einnig sjá **Ásgeir Þór Davíðsson**, oftast kenndan við Goldfinger, en hann bauð öllu starfsfólki súlustaðarins, þrjátíu manns, á sýninguna. Vöktu dansmeyjarnar mestu athyglina innan um broddborgara landsins og settu sinn svip á sýninguna með lifandi og einstakri framkomu.

**Hilmar Veigar Pétursson** og félagar hjá CCP eru stöðugt að þróa tölvuleikinn EVE Online og vinsældirnar aukast stöðugt. Erlendan spilara leiksins rak í rogastans á dögunum þegar hann rakst á plánetuna Eyjafjallajökull II í sýndarheimi leiksins. Plánetan er ekki eiginlegur hluti af leiknum heldur svokallað páskaegg (e.: easter egg) sem forritarar CCP komu fyrir til gamans. Slík páskaegg eru afar algengt og finnast í flestum forritum, þó að Eyjafjallajökull hafi ekki sést í þessu hlutverki áður. **- fgg, afb**



ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR: ÞETTA ER MERKI UM GÓÐA STJÓRNUN

# Hin eina og sanna jólabókafjölskylda

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, Yrsa Þöll Gylfadóttir, Gunnar Theodór Eggertsson og Magnús Þór Jónsson, Megas, tengjast öll. Þau eru vissulega að gefa út bók fyrir þessi jól en það þykir svo sem ekki tíðindum sæta. Hitt er hins vegar merkilegra að Yrsa og Gunnar eru kærustupar og Gunnar er sonur Þórunnar. Sonur Megasar, Þórður, er síðan kvæntur systur Yrsu, Bryndísi Höllu. Og til að múlbinda þessar tengingar allar þá á tengdadóttirin Yrsa sama afmælisdag og tengdamamman Þórunn.

„Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarséní og allsherjargoði, sagði í gamla daga þegar tilviljanir mynstruðust saman: „Það er góð stjórn í þessum heimi“. Þetta að synir okkar vinanna séu svilar er einmitt þannig,“ segir Þórunn. Hún gefur út tvær bækur fyrir þessi jól: Mörg eru ljónsins eyru og Dag kvennanna sem hún skrifar ásamt Megasi.

Þórunn segir þær Yrsu afsanna klisjuna um spennuþrungið samband tengdamömmu og -dóttur, því þeim komi mjög vel saman. „Ég er meðvirk með krökkunum því í listamenn virðist mega henda hverju sem er, hauskúpum eða stjörnum,“ segir Þórunn. Magnús Þór, Megas, hafði ekki haft tækifæri til að lesa allar

> Ég er meðvirk með krökkunum því í listamenn virðist mega henda hverju sem er, hauskúpum eða stjörnum
>
> **ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR**
> RITHÖFUNDUR

hinar bækurnar þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann gefur út bæði bók og disk á sama árinu, það gerðist einnig 1990. „Og nú er ég að gefa út hálfa bók og einn þriðja disk,“ segir Magnús og vísar þar auðvitað til geisladisksins MS:GRM með Gylfa Ægis og Rúnari Þór.

Yrsa er hins vegar að gefa út sína fyrstu skáldsögu, Tregðulögmálið. Í fyrstu stóð reyndar ekki til að bókin kæmi út fyrir þessi jól og raunar hugðist Gunnar ekki heldur gefa neitt út á þessu ári. En örlagadísirnar gripu í taumana, Gunnar fékk hugmyndina að Köttum til varnar eftir allt kattafárið sem gekk yfir landið í sumar og Yrsa fékk að vita fyrst í september að Tregðulögmálið gæti komið út um þessi jól. „Það er engin samkeppni á milli okkar, við gleðjumst vegna sérhvers okkar og það er heldur ekki hægt að bera mig saman við reynsluboltann Þórunni,“ segir Yrsa. Hún segir tengdó hafa lesið yfir og gefið sér margar góðar ábendingar þegar hún var að skrifa Tregðulögmálið. „Hún sagði mér líka fljótt að maður þyrfti að brynja sig og hafa trú á því sem maður væri að gera.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



**EKKERT STRÍÐ** (Frá vinstri) Yrsa Þöll, Gunnar Theódór, Þórunn Erla og Magnús Þór, Megas, tengjast bæði fjölskyldu-og útgáfuböndum. Þau segja þó ekkert stríð í gangi sín á milli heldur styðji þau hvert annað.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


SÚFISTINN BÓKAKAFFI



Bókakynning á Súfistanum,
Laugavegi 18, í kvöld kl. 20

Sigrún Pálsdóttir – Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar

Óskar Magnússon – Ég sé ekkert svona gleraugnalaus

Kristín Steinsdóttir – Ljósa

Pétur Gunnarsson – Péturspostilla

Hjalti Rögnvaldsson leikari les brot úr Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Allir hjartanlega velkomnir


# Stephen Fry hrósaði Einari fyrir lipur spor

„Þetta gekk alveg rosalega vel og var meiri háttar gaman,“ segir Einar Aðalsteinsson, ungur leikari á framabraut. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu fékk Einar statistahlutverk í stórmyndinni Sherlock Holmes 2 sem verið er að kvikmynda í Bretlandi þessa dagana. Um var að ræða ógnarstórt dansatriði í nítjándu aldarsamkvæmi og fékk Einar hlutverkið í gegnum leiklistarkennara sinn í London. Honum var síðan úthlutaður dansfélagi og fékk að stíga „trylltan“ vals fyrir framan tökuvélarnar, sem sjálfur Guy Ritchie, fyrrverandi eiginmaður Madonnu, stýrði.

Einar segist hafa fengið að hitta nokkrar af stórstjörnum myndarinnar, meðal annars hafi Stephen Fry, heimsfrægur fyrir smekkvísi, hrósað honum í hástert fyrir lipur dansspor. „Það gekk aðeins verra með Jude Law, ég reyndi að spjalla aðeins við hann en datt bara í hug veðurtengd umræðuefni eins og rokið fyrir utan,“ segir Einar og hlær og viðurkennir að það hefði kannski verið betra að brydda upp á samræðum um íslensku uppsetninguna á Faust í Young Vic-leikhúsinu en þar er Law innsti koppur í búri.

Einar er nú staddur fyrir norðan þar sem hann leikur stórt hlutverk í fjögurra þátta sjónvarpsseríu Friðriks Þór Friðrikssonar, Tíma nornarinnar, eftir samnefndri glæpasögu Árna Þórarinssonar. „Það gengur allt vel, reyndar er allt á kafi í snjó, en þetta hefst allt.“ **- fgg**



**HRIFINN** Stephen Fry var hrifinn af fótafimi Einars Aðalsteinssonar sem steig „trylltan“ vals í Sherlock Holmes 2. Hins vegar gekk verr að ræða um daginn og veginn við Jude Law.



**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Um fátt var rætt meira um síðustu helgi en ævisögu **Jónínu Benediktsdóttur**. Hvort sem það var vegna frásagnar af meintum sáttafundi Björns Bjarnasonar og fulltrúa Baugs eða hótanir Jónínu gegn Hreiðari Má í Kaupþingi verður ekki fullyrt. Alltént lét íslenskur almenningur ekki sitt eftir liggja og á milli 800-900 eintök seldust af bókinni um helgina. Það þykir góð sala, ekki síst þegar haft er í huga að bókin er bara til sölu í verslunum N1. Samkeppnisaðilar á bókamarkaði bíða spenntir eftir því hvort áframhald verður á þessum vinsældum. Hermt er að ef viðlíka sala verði um næstu helgi þá verði litið á N1 sem alvörusamkeppnisaðila á þessum markaði.

Jónína Ben hélt útgáfuhóf vegna bókarinnar á veitingastaðnum Austur á föstudag. Meðal gesta í veislunni voru Geir Sveinsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Logi Bergmann Eiðsson og **Svanhildur Hólm Valsdóttir** og Sigmundur Ernir Rúnarsson og Elín Sveinsdóttir. **- hdm**



prima –í nýjum umbúðum



# Hvað á nú til bragðs að taka?




Eldri umbúðir

**Poppsalt** er einstaklega ljúffengt á poppkorn sem er poppað á gamla mátann og einnig til að bragðbæta örbylgjupopp. Best er að strá poppsalti yfir nýpoppað poppkorn.

**Húnagull** inniheldur húðað salt þannig að það dregur ekki safann úr kjötinu og því gott að láta kryddið liggja á nokkra stund fyrir eldun. Húnagull gefur gott bragð, blandað af pipar, hvítlauk og papriku. Gullin kryddblanda sem hentar frábærlega á allt kjöt.

**Þegar sólin sest í sæ við Húnaflóa glóa þar himinn og haf, því á nafnið Húnagull vel við krydd sem kemur frá Húnavatnssýslu.**




prima –í nýjum umbúðum

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frosti til liðs við Ingva Hrafn

**Kristján Frosti Logason** hefur farið mikinn í útvarpsþættinum Harmageddon á X-inu ásamt félaga sínum Þorkeli Mána Péturssyni. En þeim félögum er margt til lista lagt. Máni er einn af heitari umboðsmönnum landsins og er meðal annars með rokkhljómsveitina Diktu og rapparann Erp Eyvindarson á sínum snærum. Frosti hefur hins vegar lagt stund á stjórnmálafræði í Háskóla Íslands meðfram útvarpinu. Frosti er líka farinn að teygja sig yfir á aðra miðla því hann heldur einnig úti sjónvarpsþættinum Undir feldi á ÍNN þar sem málefni Evrópusambandsins eru krufin til mergjar.



### Allir eru að fá sér

Leikritið Mojito eftir Jón Atla Jónasson verður frumsýnt í Tjarnarbíói á morgun. **Stefán Hallur Stefánsson**, annar aðalleikara sýningarinnar, fór óhefðbundnar leiðir til að auglýsa sýninguna, en símamyndband á Youtube sem sýnir hann í kröppum dansi fyrir utan Kaffibarinn hefur gengið manna á milli. Stefán virðist vera í slæmu ástandi í myndbandinu en nú hefur komið á daginn að hann var að auglýsa leikritið. Ekki er þó víst að fólkið sem steig dansinn krappa með Stefáni hafi verið meðvitað um að það væri að leika í auglýsingu.
**- afb**



## Mest lesið vísir.is

1. Leigubíll ók inn á bensínstöð
2. „Ég hef aldrei séð barnið mitt svona hræðilega þjáð“
3. Nammibar freistar barna á leið á æfingar
4. Átta í haldi eftir líkamsárásir
5. Eldur á Laugavegi










Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.





**IQ-Care heilsudýnur.** Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunarefni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 179.900 kr.**

**Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli.)

**BOAS leður hægindastóll.**
Nokkrir litir
**Verð 79.900 kr.**

**S-cape Wallhugger stillanlegt rúm.** Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum
**Verð 2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu, 649.000 kr.**

**BOAS rafmagns lyftu stólar.**
**Verð 129.900 kr.**







**Saga heilsudýna.** Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 129.900 kr.**

**Þór heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 149.900 kr.**

**Proflex stillanlegt rúm.** Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.
**Verð 2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu, 349.900 kr.**

**Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.**
**Verð frá 8.900 kr.**
**Nokkrar stærðir**







**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta verð frá 169.900 kr.**
**Svefnsófi verð frá 169.900 kr.**

**Íslenskir svefnsófar.** Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.
**Svefnflötur 140x200 cm. Verð 264.900 kr.**

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is